

Skólaárið 2013-2014

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014



Skólaárið 2013-2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Meginniðurstöður	5
Inngangur	7
Um Árskóla	9
Nemendur.....	10
Starfsmenn.....	11
Skólastefna Árskóla	13
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats.....	14
Sjálfsmat veturinn 2013-2014	17
Mats- og umbótaskýrslur starfsfólks:.....	19
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda – mat starfsmanna.....	19
Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda – umbætur starfsmanna.....	20
Mat á gæðagreini 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi.....	21
Þróunaráætlun gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi.....	22
Mat á gæðagreini 5.1 Skólanámskrá	23
Þróunaráætlun gg. 5.1 Skólanámskrá	24
Mat á gæðagreini 5.7 Samstarf við foreldra og nemendur.....	25
Þróunaráætlun gg. 5.7 Samstarf við foreldra og nemendur.....	26
Mat á gæðagreini 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna	27
Þróunaráætlun gg. 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna.....	27
Mat á gæðagreini 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð	28
Þróunaráætlun gg. 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð	28
Mat á gæðagreini 6.3 Þróunaráætlanir	29
Þróunaráætlun gg. 6.3 Þróunaráætlanir	29
Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar	30
<i>Tjáning og miðlun.....</i>	30
<i>Skapandi og gagnrýnin hugsun</i>	31
<i>Sjálfstæði og samvinna</i>	32
<i>Nýting miðla og upplýsinga</i>	33
<i>Ábyrgð og mat á eigin námi</i>	33

Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 4. bekkjar	34
Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar	37
<i>Tjáning og miðlun</i>	37
<i>Skapandi og gagnrýnin hugsun</i>	38
<i>Sjálfstæði og samvinna</i>	39
<i>Nýting miðla og upplýsinga</i>	40
<i>Ábyrgð og mat á eigin námi</i>	41
Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 7. bekkjar	42
Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar	45
<i>Tjáning og miðlun</i>	45
<i>Skapandi og gagnrýnin hugsun</i>	46
<i>Sjálfstæði og samvinna</i>	47
<i>Nýting miðla og upplýsinga</i>	48
<i>Ábyrgð og mat á eigin námi</i>	49
Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 10. bekkjar	50
Mats- og umbótaskýrslur nemenda:	52
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda, 8. bekkur	52
Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 8. bekkur	55
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda, 9. bekkur	58
Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 9. bekkur	60
Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda, 10. bekkur	63
Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 10. bekkur	65
Ígrundun starfsmanna á nemendamatsvinnu unglingsstigs	67
Ígrundun starfsmanna á verkefningu „nemandi við brautskráningu úr Árskóla“	71
Árlegar kannanir	75
Árleg foreldrakönnun	76
Árleg nemendakönnun	77
Árleg skimun, starfsfólk	78
Fagmennska starfsfólks í Árskóla, þróunarverkefni	78
Kynningar á Gæðagreinum.....	80
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf.....	81
Áætlun um sjálfmat 2014-2017.....	82
Samantekt og helstu niðurstöður.....	83
Viðaukar	90

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks, maí 2014.....	92
Viðauki II, einkunnaskali Gæðagreina 2	93
Viðauki III, gg. 2.1 einfölduð útgáfa.....	94
Viðauki IV, sýn starfsmanna á nemenda við skólalok.....	95
Viðauki V, sýn nemenda 8. bekkjar á nemenda við skólalok.....	96
Viðauki VI, sýn nemenda 9. bekkjar á nemenda við skólalok	97
Viðauki VII, sýn nemenda 10. bekkjar á nemenda við skólalok	98
Viðauki VIII, gæðagreindir um lykilhæfnipáttinn <i>tjáning og miðlun</i> við lok 10. bekkjar skv. Aðalnámskrá - sýnishorn	99

Meginniðurstöður

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í nóvember. Í því áttu sæti fulltrúi kennara, fulltrúi stjórnenda, fulltrúi starfsfólks, náms- og starfsráðgjafi og kennsluráðgjafi. Hlutverk teymisins var að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans svo og að hafa umsjón með eftirfylgni umbótaáætlana. Teymið fékk einnig það verkefni að halda utan um þróunarverkefni um fagmennsku starfsfólks sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Á skólaárinu var mats- og umbótavinna með sjálfsmatsaðferðum skólans með nokkuð hefðbundnum hætti. Starfsfólk vann að hluta til að mati og umbótum skv. þriggja ára áætlun sem birt er í sjálfsmatskýrslu. Ákveðið var að taka ekki alla þætti sem fyrir lágu til mats heldur leggja áherslu á innleiðingu Aðalnámskrár þar sem m.a. lykilhæfnipættir voru í brennidepli og nýta til þess sjálfsmatsaðferðir skólans. Lykilhæfnipættir í Aðalnámskrá voru settir upp á gæðagreinaform og allir starfsmenn skólans unnu að mati á því hvort við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar sem nemendur geta blómstrað bæði náms- og félagslega m.t.t. hæfniviðmiða á hverju aldurstigi í lykilhæfnipáttum. Ný þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu.

Fyrirkomulag nemendamats þetta árið var með þeim hætti að allir nemendur á unglingastigi tóku þátt í matinu. Heilir árgangar unnu að mati á gæðagreini um námsreynslu nemenda, undir stjórn sjálfsmatsteymis og þeirra kennara og starfsmanna sem voru að vinna með nemendum skv. stundaskrá. Þetta fyrirkomulag tókst með ágætum og er stefnt að því að sambærileg vinna fari fram á næsta skólaári með nemendum allra árganga þar sem matsverkefni verða aðlöguð að aldri hvers nemendahóps.

Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

<p>gg 2.1 Námsreynsla nemenda – mat starfsmanna Matseinkunn: 4, 4</p>	<p>gg 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi Matseinkunn: 6, 5</p>
<p>gg 5.1 Skólanámskrá Matseinkunn: 5, 5</p>	<p>gg 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra Matseinkunn: 5, 5</p>
<p>gg 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinnu Matseinkunn: 5</p>	<p>gg 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð Matseinkunn: 5</p>

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

gg 6.3 <i>Þróunaráætlanir</i> Matseinkunn: 4	gg 2.1 <i>Námsreynsla nemenda – nemendamat 8. bekkur</i> Matseinkunn: 3, 4, 4, 4, 5, 4, 4, 2, 4, 4
gg 2.1 <i>Námsreynsla nemenda – nemendamat 9. bekkur</i> Matseinkunn: 4, 3, 4, 4, 3, 4, 4, 3, 3, 3	gg 2.1 <i>Námsreynsla nemenda – nemendamat 10. bekkur</i> Matseinkunn: 5, 4, 5, 4, 4, 5, 4, 4
Mat á skólastarfi skv. hæfniviðmiðum lykilhæfni við lok 4. bekkjar:	
Tjáning og miðlun Matseinkunn: 4, 5, 5, 5	Skapandi og gagnrýning hugsun Matseinkunn: 3, 4, 5, 4
Sjálfstæði og samvinna Matseinkunn: 5, 5, 5, 5	Nýting miðla og upplýsinga Matseinkunn: 3, 4, 4, 4
Ábyrgð og mat á eigin námi Matseinkunn: 4, 4, 5, 5	
Mat á skólastarfi skv. hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar:	
Tjáning og miðlun Matseinkunn: 5, 5, 5, 5	Skapandi og gagnrýning hugsun Matseinkunn: 4, 5, 3, 4
Sjálfstæði og samvinna Matseinkunn: 5, 5, 5, 5	Nýting miðla og upplýsinga Matseinkunn: 4, 4, 4, 5
Ábyrgð og mat á eigin námi Matseinkunn: 3, 4, 4, 4	
Mat á skólastarfi skv. hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar:	
Tjáning og miðlun Matseinkunn: 4, 5, 4, 5	Skapandi og gagnrýning hugsun Matseinkunn: 5, 4, 3, 3
Sjálfstæði og samvinna Matseinkunn: 5, 4, 4, 4	Nýting miðla og upplýsinga Matseinkunn: 5, 4, 3, 4
Ábyrgð og mat á eigin námi Matseinkunn: 3, 4, 4, 3	

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar segja um 95% foreldra Árskóla vera *mjög góðan* eða *góðan* skóla og er það sama svörun og frá fyrra skólaári. Um 83% foreldra segja *miklar framfarir* eða *talsverðar framfarir* hafa verið í skólastarfinu í heild undanfarin ár og mælist þetta um 4% hærra en í síðustu könnun. Þess má geta að fyrir tveimur árum var sambærileg

svörun 67%, það er því ánægjulegt að sjá að foreldrar eru sýnilega að meta og vitna um framfarir í skólastarfi Árskóla. Um 87% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi, *fremur vel* eða *mjög vel*. Um 90% foreldra segja að námsþörfum barns þeirra sé sinnt *vel* eða *mjög vel* og 91% þeirra telja að barninu þeirra líði *alltaf vel* eða *oftast vel* í skólanum. Mikil jákvæðni er í garð núverandi umsjónarkennara barnanna en 97% foreldra/forsjáraðila segja að viðhorf til umsjónarkennara sé ýmist *mjög jákvætt* eða *fremur jákvætt*.

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í mars. Helstu niðurstöður úr nemendakönnuninni sýna að 83% nemenda segja að þeim líði *mjög vel* eða *vel* í skólanum og eru það svipaðar niðurstöður og frá fyrra skólaári. Um 87% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt *mjög vel* eða *vel*. Um 86% nemenda finnst þeir vera í *mjög góðum* eða *góðum* bekk/árgangi og er það 6% hærra en í síðustu könnun. Um 84% nemenda telja að nám þeirra í Árskóla undirbúi þá *mjög vel* eða *frekar vel* undir framtíðina og mælist það 6% hærra en í síðustu könnun. Tvær nýjar spurningar voru lagðar fram í könnuninni í ár en þær snéru að sameiningu bekkjardeilda og teymiskennslu. Um 88% nemenda segja að sameining bekkjardeilda hafi tekist *mjög vel* eða *frekar vel* til og um 72% nemenda í árgöngunum þremur svöruðu á sama hátt varðandi teymiskennsluna.

Árleg skimun starfsfólks á Gæðagreinum var lögð fyrir í lok skólaársins. Lægstu einkunnir í skimuninni er gefnar voru snúa að heimabyggðarfræðslu, þ.m.t. fræðslu um söfn í héraðinu. Almennt má segja að jákvæð svörun hafi verið um flesta þætti skólastarfsins í skimuninni. Nýting skólahúsnæðis, aðbúnaður og aðstaða til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi hefur stórbatnað að mati starfsmanna enda húsnæðisaðstaður gerbreyttar. Starfsfólki líður almennt vel á vinnustað skv. niðurstöðum.

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í

þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar á [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* sem ber heitið *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Þýðingin var gefin út og birt á vef vistuðum hjá Skólaskrifstofunni. Vorið 2010 leit dagsins ljós ný íslensk þýðing á þriðju útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence* og hérna nefnist sjálfsmatskerfið nú *Gæðagreinar 2*. Þýðendur voru þær Þóra Björk Jónsdóttir og Helga Harðardóttir. Allt efni, þýðingin, matsblöðin og ítarefni er aðgengilegt öllum áhugasömum og birt á vef, notendum að kostnaðarlausu. Gæðagreinar 2 ásamt ítarefni má nálgast á vef Árskóla.

Gæðagreinar 2, á vef Árskóla má sjá [hér](#).

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstoðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn koma að matsvinnunni. Á skólaárinu var ákveðið að beina sjónum sérstaklega að þátttöku nemenda í mati á skólastarfinu og tóku allir nemendur á unglingastigi nú þátt í mati á skólastarfinu. Áform eru um að á næsta skólaári taki allir nemendur skólans þátt í mati á skólastarfinu þar sem matsferlið verður aðlagð að aldri nemenda. Foreldrar hafa ennfremur verið virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfinu með þessum hætti og stefnt er að því að efla

Þátttöku þeirra enn frekar. Starfsfólk Árskóla metur skólastarfið skv. Gæðagreinum 2 en hefur samhliða því aðlagð þá sérstaklega að skólastarfi í Árskóla svo og að meta eftir þeim gæðagreinum sem búnir hafa verið í skólanum á undanförunum misserum.

Um Árskóla

Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans **Lifa, leika, læra**. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálf um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimálum o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðoni, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni.

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má nefna þemadaga, þorrablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur, nú í vor var farið í sextánda ferðina. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, vinabæ Skagafjarðar, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Comeniusi. Í lok þessa skólaárs er tveimur slíkum samstarfsverkefnum formlega að ljúka annað á unglingastigi er nefnist „*Personal Development and future Careers*“. Hitt verkefnið er Comenius Regio samstarfsverkefni sem snýr að skólaskilum leik- og grunnskóla og nefnist „*Inclusive and Coherent Learning Environment*“. Nýtt Comeniusarsamstarfsverkefni hófst í upphafi skólaárs en starfsmenn og nemendur á miðstigi skólans taka þátt í því verkefni.

Verkefnið ber heitið „*Waste not want not*“, og taka alls 9 skólar í jafn mörgum Evrópulöndum þátt í því.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. verkefni um *fagmennsku starfsfólks*, *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefnið *orð af orði*. Ennfremur hefur þróun teymiskennslu verið í brennidepli á skólaárinu þar sem breytingar hafa verið gerðar á skipan bekkjardeilda en nú er nemendum kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsaðferðirnar í gegnum Gæðagreinana eru traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Í upphafi skólaársins færðist öll starfsemi skólans undir eitt þak í fyrsta sinn. Nýbygging við skólann við Skagfirðingabraut og endurbætur á því húsnæði gerðu það að verkum að tækifæri til frekari þróunar skólastarfsins sköpuðust. Allir nemendur skólans hafa nú sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldann, aðstaða á skólasafni gerbreyttist, vinnusvæði starfsmanna var endurbætt og svo mætti lengi telja. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstaður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almenn fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, tómstunda- og heilsdagsskóli Árskóla, fékk einnig aðstöðu í nýinnréttuðu rými í húsnæði skólans við Skagfirðingabraut. Skólalóðin er nýtt til útivistar og verkgreinastofur, skólasafn, matsalur og önnur rými skólans eru nýtt eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 3. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf
- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

Nemendur

Við lok skólaársins 2013-2014 voru nemendur skólans samtals 364. Nemendafjöldi í árgöngum er eftirfarandi:

1. bekkur HB, 33 nemendur. Umsjón Brynhildur Jóhannsdóttir og Sigrún Hrönn Pálmadóttir
2. bekkur ÁS, 36 nemendur. Umsjón Ásdís Árnadóttir og Sigríður Jensdóttir
3. bekkur ÞS, 39 nemendur. Umsjón Sigríður Stefánsdóttir og Þórunn Ingvadóttir
4. bekkur SG, 36 nemendur. Umsjón Gestur Sigurjónsson og Þorbjörg Sandra Magnúsdóttir
5. bekkur HG, 27 nemendur. Umsjón Hólmfríður D. Guðmundsdóttir
6. bekkur IK, 41 nemendur. Umsjón Ingibjörg Rósa Sigurjónsdóttir og Katrín Ingólfisdóttir
7. bekkur HS, 26 nemendur. Umsjón Helga Kristín Sigurðardóttir
8. bekkur ÁS, 44 nemendur. Umsjón Ásdís Hermannsdóttir og Sigurlaug K. Konráðsdóttir
9. bekkur EK, 45 nemendur. Umsjón Kári Marísson og Þ. Elenóra Jónsdóttir
10. bekkur AB, 37 nemendur. Umsjón Sigurður Arnar Björnsson, Bergmann Guðmundsson og Kristbjörg Kemp

Starfsmenn

Skólastjórar

Skólastjóri er Óskar G. Björnsson og aðstoðarskólastjóri er Hallfríður Sverrisdóttir.

Deildarstjórar

Við Árskóla starfa þrír deildarstjórar stiga, þær Ragnheiður Matthíasdóttir deildarstjóri yngsta stigs, Hallfríður Sverrisdóttir deildarstjóri miðstigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglíngastigs. Anna Steinunn Friðriksdóttir er deildarstjóri sérkennslu. Deildarstjóri Árvistar, tólmundaskóla, er Unnur Magnúsdóttir.

Starfsmenn – stöðugildi

Starfsheiti	Stöðugildi
Stjórnun	3
Kennarar	35
Skólaliðar	7,6
Stuðningsfulltrúar	4,5
Matráðar	3,6
Skólaritari	1
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Náms- og starfsráðgjafi	1
Kennsluráðgjafi	0,6
Samtals:	
• <i>Kennarar og stjórnendur</i>	38
• <i>Aðrir starfsmenn</i>	17,3
Námsver (sérdeild)	
Proskafjálfar	2
Kennsla	0,65
Stjórnun	0,5
Stuðningsfulltrúar	5
Samtals:	
• <i>Kennarar og stjórnendur</i>	1,15
• <i>Aðrir starfsmenn</i>	7
Árvist (heilsdagsskóli)	
Starfsmenn	3
Matráður	1
Stjórnun	0,7
Samtals:	
• <i>Starfsmenn</i>	4,7

Skólafestna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólafest. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólafestin á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólafestna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og [skólafestnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar](#).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi. Í skólafestinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum eru að samvinnu um nám og kennslu í teymum og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stöðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálstrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda

- þjálfari hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að **leika** vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að **læra** vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreinunum. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Árskóli hefur frá árinu 1999 unnið að sjálfsmati með aðferðum Gæðagreinanna. Frá árinu 2010 hefur skólinn notað Gæðagreina 2, sem er þýdd útgáfa af skosku útgáfu HGIOS 3. Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla tekur því til lykilorðanna 9 sem Gæðagreinar 2 eru byggðir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslu.

Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilsurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti taka þarf til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki

matskerfissins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins. Starfsfólk Árskóla hefur á undanförunum misserum ráðist í slíka vinnu og má sjá gæðagreina búna til af starfsfólki skólans á heimasíðu skólans [hér](#).

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólstarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

- 1. Heildarárangur**
- 2. Áhrif á nemendur**
- 3. Áhrif á starfsfólk**
- 4. Áhrif á samfélagið**
- 5. Menntun**
- 6. Stefnumótun og áætlanagerð**
- 7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk**
- 8. Samvinna og búnaður**
- 9. Forysta**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- 1. Hvernig stöndum við okkur?**
- 2. Hvernig vitum við það?**
- 3. Hvað gerum við næst?**

Í Gæðagreinum 2 eru að auki settar fram sex lykilspurningar. Þessar mikilvægu spurningar eru grunnur að lykilþáttunum níu í þessari útgáfu Gæðagreinanna. Í viðauka 1 um gæðarammann má sjá flokkun á gæðagreinum m.t.t. þessara lykilspurninga. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða þætti skólstarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða í Gæðagreinum 2 sjá [hér](#), bls. 43.

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

- 1. Hvaða árangri höfum við náð?**
- 2. Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?**
- 3. Hversu góða menntun veitum við?**
- 4. Hversu góð er stjórnun skólans?**

5. Hversu góð er forystan í skólanum?

6. Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er *mjög gott* og einkunnina 2 sem er *slakt*. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kýs svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurnir komi saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram í stuttu máli tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. *Skilgreining lykilþátta*, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. *Skilgreining viðmiða*, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða *framúrskarandi*. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti

slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila

3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á

Nálgast má efni *Gæðagreina 2* á heimasíðu Árskóla [hér](#).

Nálgast má efni *How good is our school 3* [hér](#).

Sjálfsmat veturinn 2013-2014

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í nóvember. Í því eiga sæti fulltrúi kennara, fulltrúi stjórnenda, fulltrúi starfsfólks og náms- og starfsráðgjafi ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk teymisins er að skipuleggja framkvæmd og utanumhald á innra mati í skólanum svo og að fylgja mati og umbótaáætlunum eftir á reglubundinn hátt. Teymið fékk einnig það verkefni að halda utan um þróunarverkefni um fagmennsku starfsfólks sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Á skólaárinu vann starfsfólk að mati á hluta af þeim gæðagreinum sem lágu fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Lögð var áhersla á að innleiða þætti í nýrri Aðalnámskrá og var ákveðið að setja hæfniviðmið um lykilhæfniþætti í lok hvers aldurstigs á gæðagreinaform. Segja má að lykilhæfniþættir séu nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum menntunar. Okkur lék hugur á að vita hvort skólastarfið hér uppfylli þau skilyrði að nemendum sé unnt að ná hæfniviðmiðum sem sett eru fram um lykilhæfni í Aðalnámskrá í lok hvers aldurstigs. Lykilhæfniþættir í Aðalnámskrá voru því settir upp á gæðagreinaform og allir starfsmenn skólans unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar sem nemendur geta blómstrað bæði náms- og félagslega m.t.t. hæfniviðmiða á hverju aldurstigi í lykilhæfniþáttum**. Í kjölfar mats unnu matshópar að umbótaáætlunum. Matsvinnan fór þannig fram að öllu starfsfólki var skipt í matshópa eftir því á hvaða stigi þeir unnu mest. Niðurstöður eru dregnar saman í þrennu lagi þ.e. á hverju stigi fyrir sig og eru birtar hér á eftir.

Teymið setti fram tillögur um breytt fyrirkomulag á aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu. Í stað þess að fulltrúar nemenda úr árgöngum komi saman og meti skólastarfið var ákveðið að allir nemendur á unglingastigi ynnu að mati á þáttum í skólastarfinu, árgangaskipt. Þannig unnu

allir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar að mati á skólastarfinu undir handleiðslu sjálfsmatsteymis og kennara og starfsfólks sem komu að árganginum á hverjum tíma. Auk þess unnu nemendur í sameiningu að verkefni um það hvaða hæfni þeir vilja hafa nán og tileinkað sér við lok grunnskólagöngu. Verkefnið var unnið í öllum árgöngum á unglingastiginu en einnig vann starfsfólk skólans að sambærilegu verkefni. Niðurstöður þessa verkefna eru kynntar í sjálfsmatsskýrslu í sér kafla.

Nemendamatið gekk afar vel og hefur sjálfsmatsteymið sett fram tillögur um að allir árgangar komi að nemendamati með sambærilegum hætti á næsta skólaári þar sem matsverkefni verði aðlöguð að aldri nemenda.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun. Að þessu sinni komu þeir ekki að mati með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Stefnt er að því að koma þeim vinnubrögðum að á næsta skólaári og festa í sessi.

Matsþættir skólaársins 2013-2014 voru eftirfarandi:

■ Lykilþáttur 2 Áhrif á nemendur

- gg 2.1 Námsreynsla nemenda
- gg 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

■ Lykilþáttur 5 Menntun

- gg 5.1 Skólanámskrá
- gg 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

■ Lykilþáttur 6 Stefnumótun og áætlanagerð

- gg 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna
- gg 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- gg 6.3 Þróunaráætlanir

■ Lykilhæfniþættir úr Aðalnámskrá

- **Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar**

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu. Stuttlega er gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á.

Mats- og umbótaskýrslur starfsfólks:

Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda – mat starfsmanna

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur 5 manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur fá góða endurgjöf í formi leiðsagnarmats og annars mats. Þeir eru meðvitaðir um framfarir sínar og styrkleika. Komið er fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli. Flestir nemendur taka góðum framförum í námi
- D,E,F – Virknin í samfélaginu, komið er fram við nemendur af sanngirni og virðingu. Flestir nemendur ná árangri og góðum framförum í skólastarfi

Það sem þarf að bæta:

- Virkja mætti betur áhuga og virkni nemenda. Jákvæður vilji til náms er ekki nægur og það hamlar virku námi. Umgengni um verðmætti mætti vera betri
- Gera mætti nemendum ljósara að skoðanir þeirra skipta máli. Ræða mætti oftar við nemendur, um það sem vel er gert innan skólans í þeirra þágu

- Mjög misjafnt er hvað nemendum finnst um sjálfa sig
- H,I – Við upplifum skoðun þeirra á þann hátt að þeir séu ekki nægjanlega ánægðir með það sem skólinn hefur að bjóða.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendum líði vel og við mætum þörfum þeirra

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda – umbætur starfsmanna

Markmið með umbótum:

- Að bæta námsreynslu nemenda

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar jákvæðni er meira einkennandi en neikvæðni

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Virkja betur áhuga og auka virkni nemenda	Skólasamfélagið	Viðvarandi verkefni	Ásetning	Með könnunum
Leiða þarf nemendum betur fyrir sjónir að þeir eru að læra fyrir sjálfa sig	Skólasamfélagið			
Auka þarf virðingu nemenda fyrir verðmætum	Skólasamfélagið			
Gera þarf nemendum ljósar að skoðanir þeirra skipta máli	Skólasamfélagið			
Ræða þarf oftari við nemendur um það sem vel er gert innan skólans í þeirra þágu	Skólasamfélagið			

Efla þarf sjálfstraust nemenda	Skólasamfélagið			
Okkur finnst við vera að stuðla að ánægju og vellíðan nemenda en upplifum að þau eru ekki búin að meðtaka það sem við erum að stuðla að. Þau þurfa lengri tíma og vinnu til að tileinka sér nýjar áherslur eins og t.d. þátttaka þeirra í sjálfsmati	Allir vinna að þessu saman	Þetta er eitthvað sem við komum til með að vinna með	Jákvæðni, áhugi og vilji starfsfólks og nemenda	Með nýju sjálfsmati og brosandí andlitum ☺

Mat á gæðagrein 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur 5 manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 6, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Gott samstarf við foreldra. Foreldrar alltaf velkomnir og upplýsingastreymi til þeirra gott. Niðurstöður foreldrakönnunar sýna almenna ánægju foreldra
- Við teljum að allir foreldrar séu hvattir til að eiga í góðu samstarfi við kennara barna sinna um nám þeirra og félagsleg samskipti og gefin tækifæri til að koma með markvissum hætti að málefnum barnanna
- Foreldrar og starfsfólk vinna saman að menntun, fræðslu og þroska nemenda
- Ef við skiljum spurninguna rétt, þ.e. að samvinna heimilis og skóla einkennist af gagnkvæmu trausti þá gefum við þessum lið 5
- Niðurstöður foreldrakönnanna segja að þeir séu ánægðir með gæði menntunar
- Foreldrar hafi látið í ljósi ánægju með að fá tækifæri til að hafa áhrif
- Kennarar og foreldrar hafa samráð um breytingar sem kunna að vera gerðar á kröfum og námsefni. Töluvert er um sérúrræði, hvort heldur dregið er úr eða aukið við námskröfur (samstarf við FNV nefnt sem dæmi)

Það sem þarf að bæta:

- Foreldrar mættu heimsækja skólann oftár án tilefnis
- Almenn séð mæta foreldrar á boðaða fundi í skólanum. Einhver misbrestur er á því að mætt sé á fræðslufundi (t.d. foreldrafræðslunámskeið, kynningarfundir í árgöngunum að hausti og Maritafraeðslu)
- Við teljum okkur gefa góðar og gagnlegar upplýsingar til foreldra, settar fram á fjölbreytilegan máta (t.d. leiðsagnarmat, verkefnabækur). Við vitum hins vegar um foreldra sem finnst þeir ekki fá nægar upplýsingar um stöðu barna sinna og ekki bregðast nógu fljótt við í öllum tilvikum, þegar breytinga er þörf

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Sjá þróunaráætlun

Þróunaráætlun gg. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

Markmið með umbótum:

- Að fá foreldra oftár í heimsókn

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar foreldrar verða sýnilegri á almennum skóladegi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Vera duglegri að hvetja foreldra til að koma í heimsókn, án dagskrár	Starfsfólk	Lýkur ekki	Góð samskipti	Með sjálfsmati
Skipuleggja verkefni með þátttöku foreldra	Kennari	Lýkur ekki	Skipulagningu og samstarf	Með sjálfsmati
B: Bæta mætingu foreldra á fræðslufundi í skólanum (t.d. kynningarfundir, námskeið í	Skólasamfélagið	Stanslaus hvatning í gangi	Aukin vitund foreldra á nauðsyn þess að uppfæra þekkingu sína	Árangur sést með bættri mætingu foreldra

árgöngum, Maritafraeðslu). Ítreka við foreldra nauðsyn þess að mæta á fræðslufundi og kynningar í viðkomandi foreldrahópi (sérstakar aðstæður í hverjum hópi)			Að foreldrar tilkynni mætingu til umsjónar-kennara eða ritara	
F: Í foreldraviðtölum hefur komið fram gagnrýni foreldra á að þeir hafi ekki vitað nóg um stöðuna, t.d. ekki vitað að börnin hafi truflað í kennslustundum og ekki skilað heimanámi	Kennarar og umsjónarkennarar skrá í Mentor. Foreldrar þurfa að skoða Mentor reglulega	Stanslaus hvatning í gangi	Aukna vitund um mikilvægi Mentors sem upplýsingaveitu hjá foreldrum	Færra sem kemur fólki á óvart ☺

Mat á gæðagreiini 5.1 Skólanámskrá

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur 5 manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólanámskráin er unnin á mjög fagmannlegan hátt sem byggir á sameiginlegri sýn allra starfsmanna
- Við sem hópur teljum að námskráin okkar tryggi almenna yfirsýn yfir nám og framfarir nemenda okkar sem og heilstæða sýn á skólasamfélagið í heild

Það sem þarf að bæta:

- Það vantar að uppfæra bekkjarnámskrár í samræmi við nýja Aðalnámskrá og í framhaldi af því að uppfæra náms- og kennsluáætlanir

- Við teljum að betur mætti fara varðandi eftirfylgni á námsárangri nemenda okkar og því gáfum við F einkunn 4.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skólanámskráin endurspeglar annarsvegar Aðalnámskrá og hinsvegar sameiginlega sýn starfsmanna. Mikilvægt er að allir starfsmenn þekki vel til skólanámskrárinnar og að hún sé uppfærð reglulega
- Góð heildarsýn allra í skólasamfélaginu að stefna ávallt á að tryggja að nemendur okkar fái fjölbreytt nám sem síðar skilar þeim sem betri samfélagsþegnum

Tillögur um aðgerðir:

- Sjá þróunaráætlun
- Þurfa að vera skýrari línur varðandi að mæta námsþörfum nemenda. Þegar námsárangur nemenda sýnir fram á ákveðinn árangur þarf að gefa sér tíma til að skoða það frekar og taka ákvarðanir samkvæmt því og móta stefnu

Þróunaráætlun gg. 5.1 Skólanámskrá

Markmið með umbótum:

- Koma uppfærðum og endurskoðuðum bekkjarnámskrám og náms- og kennsluáætlunum á heimasíðu skólans
- Mæta betur þörfum nemenda samkvæmt námsárangri þeirra

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar bekkjarnámskrár og náms- og kennsluáætlanir eru komnar á heimasíðu skólans og öllum sýnilegar
- Með betri námsárangri og líðan nemenda

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Það þarf að uppfæra bekkjarnámskrár í samræmi við nýja Aðalnámskrá	Allir kennarar	Vorið 2015	Stigstjóri og kennarar sem koma að hverri námsgrein þurfa að þróa	Með Gæðagreinum
Það þarf að þróa gerð náms- og kennsluáætlana þar sem kemur fram	Allir kennarar	Vorið 2015	Teymi í árgöngum á yngsta og miðstigi og teymi í	Með Gæðagreinum

skýr sýn á samfellu og framvindu náms			faggreinum á unglíngastígi þar sem unnið er markvisst að þróun náms- og kennsluáætlna m.t.t. samfellu og framvindu náms	
Vinna betur úr námsárangri nemenda með tilliti til frekari stefnu þeirra í hverju fagi sem er	Umsjónarkennarar sem og faggreinakenningar	Sem fyrst	Meiri tíma	Með könnun innan nemendahópsins sem og kennara sem að nemendunum koma

Mat á gæðagreiðni 5.7 *Samstarf við foreldra og nemendur*

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur 5 manna hópum starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreiðnis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Samskiptaleiðir, það að mæta þörfum og frumkvæði foreldra þar sem það er unnt, boðleiðir
- Sterku hliðar skólans eru að við leggjum okkur fram um gott upplýsingaflæði, tökum vel á móti athugasemdum og bætum það sem betur má fara

Það sem þarf að bæta:

- Að við þurfum að leita leiða til að ná til óvirkra foreldra í samskiptum við skólann, við veitum ekki tálkaþjónustu
- Samskipti við foreldra mættu vera meiri og persónulegri. Tengd lið L: Fötlunum sem minna eru sýnilegar mætti stundum sinna betur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Mikilvægast að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og til þátttöku í skólastarfi
- Að samskipti og upplýsingaflæði milli skóla og heimila sé gott

Tillögur um aðgerðir:

- Sjá þróunaráætlun
- Auka samskipti við heimilin sérstaklega í jákvæðum tilfellum og bjóða foreldrum oftari skipulega í skólann. Sinna betur nemendum með minna sýnilegar fatlanir. Tryggja það að stuðningur falli ekki niður vegna veikinda

Þróunaráætlun gg. 5.7 Samstarf við foreldra og nemendur

Markmið með umbótum:

- Finna leiðir til þess að foreldrar upplifi öryggi við að koma inn í skólann og taka þátt í skólalastarfinu
- Auka samskipti skólans og foreldra

Hvernig vitum við að því er náð?

- Með gæðagreini

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Fagmennskufundur starfsfólks þar sem hugmyndavinna til þess að virkja foreldra fer fram	Starfsfólk skólans	Sífelld í vinnslu	Skipulag fagmennskuteymis og tími á starfsmannafundi	Með sjálfsmati og foreldrakönnun
Starfsfólk þarf alltaf að huga að fasi þegar það mætir foreldri sem hefur „hætt sér“ inn í skólann ☺	Starfsfólk skólans	Sífelld í vinnslu	Vilja og jákvæðni	Með sjálfsmati og foreldrakönnun
Við þurfum að útvega túlk þar sem það á við svo foreldri geti tjáð sig á móðurmáli sínu	Skólalastjórnendur	Fyrir fund, helst ☺	Samstarf við Alþjóðahús ef ekki er til túlkur á svæðinu	Þegar áþreifanlegur túlkur er sestur í fundarherbergið eða kominn á línuna á Skype
C. Samskipti og leiðbeinandi upplýsingar til foreldra frá skóla mættu vera meiri. (T.d. fjölbreyttari leiðir til heimalesturs á yngri stigi)	Umsjónarkennarar	Sem fyrst	Aukið skipulag og tíma	Með aukinni ánægju foreldra, barna og kennara

D. Vera duglegri við að hringja í þá foreldra sem ekki eru virkir og hvetja þá til að mæta á skipulagða viðburði og taka þátt	Umsjónarkennarar	Alltaf í gangi	Að taka upp símann	Fylgjast með þátttöku
L. Bæta má stuðning við nemendur sem eiga við minna sýnilegar fatlanir	Stoðkerfi skólans	Aldrei	Upplýsingar og vilja	Með auknu sjálfstrausti nemenda

Mat á gæðagreiðni 6.1 Endurskoðun skólustefnu og þróunarvinna

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af 5 manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Barnið er í forgrunni, stefnan er skýr og henni er fylgt vel eftir

Það sem þarf að bæta:

- Foreldrar gætu komið meira að stefnumótun skólastarfsins. Vísir að því eru árgangakannanir

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Velferð barnsins er alltaf í forgrunni

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg. 6.1 Endurskoðun skólustefnu og þróunarvinna

Markmið með umbótum:

- Auka aðkomu foreldra að þróunarstarfi skólans

Hvernig vitum við að því er náð:

- Þegar foreldrar taka þátt í stefnumótun skólans

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að foreldrar taki þátt í vinnu með gæðagreina	Stjórnendur	Stöðug vinna	Einlægan ásetning	Með gæðagreinum

Mat á gæðagreini 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af 5 manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Stefnumótun og áætlanagerð við skólann er í góðum farvegi. Þeir sem málið varðar hverju sinni eru vel upplýstir um gang mála

Það sem þarf að bæta:

- Ekkert sett fram

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Stefnumótun og áætlanagerð er í góðum farvegi

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg. 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Markmið með umbótum:

- Ekkert sett fram

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Við teljum að þessi þáttur sé í góðum farvegi og mikilvægt að svo verði áfram	Skólastjórnendur			

Mat á gæðagreiini 6.3 *Þróunaráætlanir*

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af 5 manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 01.04.2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Allt starfsfólk Árskóla tekur þátt í gerð þróunaráætlunar og framkvæmd hennar. Við gerum vel að vinna í smáum þverfaglegum hópum

Það sem þarf að bæta:

- Þróunaráætlanir geta verið sýnilegri fyrir foreldra og nemendur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að allir nemendur fái notið hæfileika sinna á fjölbreyttum sviðum og séu öruggir og ábyrgir einstaklingar sem taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum til samfélags síns

Tillögur um aðgerðir:

- Sjá þróunaráætlun

Þróunaráætlun gg. 6.3 *Þróunaráætlanir*

Markmið með umbótum:

- Bæta gerð og framkvæmd þróunaráætlana í Árskóla

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar við höfum náð 6 í mati á þróunaráætlunum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Þróunaráætlanir þurfa að vera sýnilegri hagsmunaaðilum sem að skólanum standa	Fagmennskuteymi	Lýkur aldrei	Stöðugt að uppfæra og endurskoða	Með viðhorfskönnunum hagsmunaaðila sem að skólanum standa

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Tjáning og miðlun

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á yngsta stigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfniþátta við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 4, 5, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Bekkjarfundirnir eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og tækifæri til að nemendur tjái sig. Nemendur fá einnig tækifæri til að láta ljós sitt skína þegar eitthvað er til umfjöllunar sem þeir hafa þekkingu á
- Á bekkjarfundum er þess gætt að allir nemendur tjái skoðanir sínar. Kennsluáðferðir í byrjendalæsi gera ráð fyrir tjáningu og hlustun nemenda. Í leiðsagnamati fá nemendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar og líðan. 4. bekkur tekur þátt Olweusarkönnun. Tengslakannanir eru lagðar fyrir á hverri önn
- Halda áfram að byggja á þeim grunni sem kominn er
- Við gefum nemendum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og til að hlusta á aðra

Það sem þarf að bæta:

- Tækifærin mættu vera fleiri þar sem nemendur æfa sig að tala með eða á móti og hlusta á rök annarra
- Alltaf má gera betur
- Þessi tækifæri mættu vera markvissari og fleiri

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Bekkjarfundirnir eru mikilvægasti vettvangur fyrir umræður og tjáningu
- Starfsfólk leggur sig fram um að hlusta á nemendur

Tillögur um aðgerðir:

- Skapa fleiri tækifæri til að nemendur þjálfist í því að færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á yngsta stigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 5, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Í samskiptamálum notum við mistökin til að læra af og þá á skapandi hátt og með því að nota klípusögur og leikræna tjáningu til að geta sett sig í spor annarra
- Byrjendalæsi skapar aðstæður þar sem nemendur endurskoða úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt. Í stærðfræðikennslu á yngsta stigi eru nemendum skapaðar aðstæður þar sem komast má að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna
- Stuðlum að sjálfskoðun og uppbyggilegu sjálfsmati
- Nemendur fá tækifæri til að ræða niðurstöður sínar og hafa mismunandi skoðanir

Það sem þarf að bæta:

- Yngstu bekkirnir fá verkefni „klippt og skorið“ og hafa lítið um það að segja á hvaða hátt þeir vinna verkefni
- Við gerum lítið ráð fyrir að nemendur skilgreini viðmið um árangur
- Gott hjá okkur en alltaf hægt að gera betur
- Nemendur hafa ekki mikið val um efnistöð

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur geti skoðað viðfangsefni frá mismunandi sjónarhornum
- Að allir geti haft skoðun á hlutunum og rætt þær

Tillögur um aðgerðir:

- Að nemendur fái val um hvernig þeir leysi verkefni, þar sem það er hægt

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Sjálfstæði og samvinna

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á yngsta stigi unnu að mati á því hvort *við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi* þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 5, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur á yngsta stigi vanir því frá 1. bekk að vinna í mismunandi hópum að mismunandi verkefnum þar sem hver og einn fær að njóta sín
- Við sköpum umhverfi þar sem nemendur geta tekið jákvæðan þátt í leik og starfi með vinaliðaverkefninu
- Byrjendalæsi hefur aukið samvinnu og sjálfstæði nemenda
- Fjölbreytni í leik og starfi

Það sem þarf að bæta:

- Við getum gert enn þá betur í að nemendur þekki styrkleika sína og kennt þeim að taka leiðsögn og gagnrýni á jákvæðan hátt
- Nemendur bera ekki nægilega ábyrgð á verkefnum sínum
- Gott hjá okkur en alltaf hægt að gera betur
- Alltaf hægt að gera betur. Stundum vantar mann í manns stað

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Fjölbreytt verkefni í hópavinnu þar sem allir fá verkefni við hæfi
- Öllum nemendum eru gefin mörg tækifæri til að taka þátt í leik og starfi

Tillögur um aðgerðir:

- Viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum og hópavinnu þar sem hver og einn fær að njóta sín
- Halda áfram góðu og uppbyggilegu starfi

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Nýting miðla og upplýsinga

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á yngsta stigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipátta við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf:

Sterku hliðarnar okkar: 3, 4, 4, 4

- Teljum nemendur skólans hafa tækifæri til að leita upplýsinga í ólíkum miðlum
- Nemendur hafa mörg tækifæri til að leita sér upplýsinga. Bókasafn, tölvur, iPad, starfsfólk og fleira
- Góð aðstaða, sbr. bókasafn og tölvuver
- Góður aðgangur að fjölbreyttum upplýsingaveitum

Það sem þarf að bæta:

- Við þurfum að vera meðvitaðri um hversu langt nemendur eru langt komnir í tækninni og vera miklu fyrir á ferðinni með fræðslu um netnotkun og ábyrgð á netinu
- Á gervihnattaöld gæti upplýsingamennt verið örlítið sterkari
- Við höfum ekki tileinkað okkur nægjanlega notkun á þeim möguleikum sem í boði eru, t.d. bókasafn
- Ekki hægt að ætlast til meira af börnum á þessum aldri (B liður)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Við erum vel tækjum búin til að nemendur geti leitað sér upplýsinga eftir ólíkum leiðum

Tillögur um aðgerðir:

- Ítarleg fræðsla um tækni- og netnotkun

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Ábyrgð og mat á eigin námi

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á yngsta stigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 4, 4, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Frammistöðumat tvisvar á skólaári þar sem nemendur og kennarar meta stöðu nemenda
- Með leiðsagnarmati er nemendum gert kleift að gera sér grein fyrir styrkleikum sínum og að setja sér markmið
- Við mætum nemendum á þeirra forsendum
- Frammistöðumat og foreldradagar. Hrós og hvatning

Það sem þarf að bæta:

- Við getum gert betur í markmiðasetningu þ.e. að hún sé markvissari/oftar yfir skólaárið en þessi tvö skipti sem markmið eru sett í frammistöðumati
- Okkur finnst nemendur fá ekki tækifæri til þess að skipuleggja eigið nám og ekki allir nemendur í 1. – 4. bekk færir um að gera það
- Nemendur geta ekki tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
- Nemendur gætu fengið meira val. Stýring of mikil
- Kennarar stýra náminu of mikið. Tímaskortur. Það þarf markvissari yfirferð, með nemendum, á því hvar þeir eru staddir/hvort þeir hafi náð settum markmiðum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Það er mjög mikilvægt að nemendur geti metið styrkleika og veikleika sína
- Að markmið sem sett eru séu raunhæf
- Fjölbreyttir kennsluhættir og frammistöðumat

Tillögur um aðgerðir:

- Ítarleg fræðsla um tækni- og netnotkun
- Að nemendur fái meira val og stýring frá okkur verði minni

Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Markmið með umbótum:

- Að ná framúrskarandi árangri á eftirfarandi sviðum

Hvenær vitum við að því er náð:

- Þegar við höfum náð sjötta þrepi í einkunnaskalanum í gæðagreininum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<i>Tjáning og miðlun</i>				
Skapa fleiri tækifæri til að nemendur þjálfist í því að færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra	Umsjónarkennari	Ávallt í vinnslu	Tíma og skipulag	Með umræðufundum
Viðhalda því sem gert er með vísan í rökstuðning í matssamantekt	Allir	Verkefni lýkur ekki	Samvinnu, vilja og elju starfsfólks	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum
Gæta þess að allir nemendur fái jöfn tækifæri og enginn gleymist	Kennarar	Stöðugt í mati	Áhuga, árvekni og vilja	Með gæðagreini
<i>Skapandi og gagnrýnin hugsun</i>				
Að nemendur fái val um hvernig þeir leysi verkefnin, þar sem það er hægt	Umsjónarkennari	Ávallt í vinnslu	Kennari hafi í huga að hægt sé að vinna verkefni á fjölbreyttan hátt	Nemendur spurðir hvort þeir hafi geta unnið verkefnið öðruvísi
Veita nemendum aðstæður til að skilgreina viðmið um árangur	Allir	Eins fljótt og auðið er	Fagmennskufundi	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum
Halda áfram góðu og uppbyggilegu starfi	Starfsfólk skólans	Stöðugt í mati	Áhuga og vilja	Með gæðagreini
<i>Sjálfstæði og samvinna</i>				
Viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum og hópavinnu þar sem hver og einn fær að njóta sín	Umsjónarkennarar	Í stöðugri þróun	Skipulag og endurmenntun starfsfólks	Með gæðagreinum
Við getum skapað nemendum umhverfi þar sem þeir bera meiri ábyrgð á eigin verkefnum	Kennarar	Eins fljótt og auðið er	Fagmennskufund	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Við þurfum að viðhalda þeim frábæra árangri sem náðst hefur í því að skapa nemendum aðstæður til að taka jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasterfinu	Allir	Verkefni lýkur ekki	Viðhalda vinaliðaverkefni af sama eldmóði og nú er gert	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum
Halda áfram góðu og uppbyggilegu starfi	Allt starfsfólk skólans	Endalaus vinna	Vilja allra	Með gæðagreini
Halda áfram á sömu braut	Hlutaðeigandi	Í stöðugri endurskoðun	Vera meðvituð um að unnið sé samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár	Með fyrirlögn gæðagreina
Nýting miðla og upplýsinga				
Ítarleg fræðsla um tækni- og netnotkun	Tæknifróður upplýsir kennara og kennari miðlar til nemenda	Aldrei lokið – alltaf ný tækni sem við þurfum að læra	Tölvutæknifróðan einstakling (Tóti tölvukarl)	Erfitt að meta það
Að þróa kennsluhætti þar sem hægt er að kenna nemendum að nota miðla á sjálfstæðan hátt	Kennarar	Eins fljótt og auðið er	Öfluga leiðbeinendur fyrir starfsfólk	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum
Nýta betur það sem er í boði	Kennarar	Stöðug þróun	Áhugi og vilji	Með gæðagreini
Ábyrgð og mat á eigin námi				
Ítarleg fræðsla um tækni- og netnotkun	Umsjónarkennari og nemandi	Þegar markmiði er náð	Svigrúm umsjónarkennara til að aðstoða nemanda við markmiðssetningu	Umsjónarkennari og nemandi fara yfir stöðuna
Útbúa aðstæður (t.d. gátlista) þar sem að nemendur fá tækifæri til að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Kennarar	Eins fljótt og auðið er	Fagmennskufund	Með sjálfsmatsvinnu í gæðagreinum
Kennarar hafi hugfast að nemendur meti sjálfir vinnu sína, sbr. sjálfsmat	Kennarar	Símat	Kenna nemendum að meta sína vinnu	Með gæðagreini
Að gefa nemendum aukin tækifæri til að skipuleggja eigið nám	Umsjónarkennarar	Þarf alltaf að vera í gangi	Skipulag umsjónarkennara	Með fyrirlögn gæðagreina

Markvissari yfirferð með nemendum	Umsjónarkennarar	þarf alltaf að vera í gangi	Skipulag umsjónarkennara	Með fyrirlögn gæðagreina
-----------------------------------	------------------	-----------------------------	--------------------------	--------------------------

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Tjáning og miðlun

Vinnulag: Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á miðstigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 7. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 5, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Við teljum að skólasamfélagið yfir höfuð bjóði nemendum mjög jákvætt umhverfi til þess að tjá og koma skoðunum á framfæri
- Nemendum er gert auðvelt að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í skólaumhverfi sínu og hafa góðan aðgang að fagaðilum
- Nemendur hafa tækifæri til þess að tjá sig t.d. á bekkjarfundum og þegar ýmis mál ber á góma og koma upp. Allir eru hvattir til að tjá sig þegar við á
- Markvisst er unnið að því að kenna nemendum að tjá skoðanir sínar og tilfinningar, en taka þó um leið tillit til annarra

Það sem þarf að bæta:

- Skortur á samkomusal
- Ræktað betur rökhugsun og gagnrýna hugsun með kennsluaðferðum við hæfi
- Oft eru fleiri orð höfð um hlutina heldur en efndir t.d. er misbrestur á að reglum sé fylgt eftir; bekkjar/skólareglur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur geti tjáð sig og miðlað hugsunum sínum af ábyrgð, þ.e. að hugur fylgi máli
- Nemendum er kleift að nýta skólasamfélagið til tjáningar og miðlunar þekkingar
- Að kenna nemendum að tjá skoðanir sínar og tilfinningar, en taka þó um leið tillit til annarra

Tillögur um aðgerðir:

- Byggja samkomusal fyrir skólasamfélagið í heild
- Að halda áfram á sömu braut

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á miðstigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipátta við lok 7. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 4, 5, 3, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við metum það svo að nemendur hafi það námsumhverfi sem þarf til að þeir geti unnið úr úrlausnum og greint úr niðurstöðum sínu námi til framdráttar
- Leiðsagnarmat
- Kennarar eru meðvitaðir um að reyna að skapa umhverfi þar sem gagnrýnin og skapandi hugsun fær að njóta sín
- Við sköpum nemendum aðstæður til að skilgreina viðmið og læra af mistökum í náminu

Það sem þarf að bæta:

- Nemendur hafi ekki nægjanleg tök á eigin ábyrgð á námi og því ekki í stakk búnir til þess að gera námsáætlanir um sitt eigið nám
- Nemendum er ekki gefinn nógu góður kostur á að meta hvort aðferðir við verkefnavinnu hafi borið árangur
- Stórir nemendahópar, mismunandi að getu, munu síður fá þá þjónustu sem hver og einn nemandi þyrfti til að þau atriði sem dæmt er um hér að ofan verði í fyllsta lagi
- Við vinnum ekki nógu markvisst að því að gera nemendum kleift að setja sér markmið og vinnuáætlun í náminu

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur taki nægjanlega ábyrgð á eigin námi til þess að geta gert áætlanir og markmið

- Að nemendur séu ekki óvirkir þiggjendur í kennslustundum heldur þurfi sífellt að leggja eitthvað fram að eigin frumkvæði. Til að slíkar kennsluaðferðir verði að veruleika þarf meiri ögun í skólastarfið. Vandinn er að tiltölulega fáir nemendur komast upp með að spilla árangursríku skólastarfi
- Að nemendur átti sig á mismunandi túlkun og geti greint á milli staðreynda og skoðana. Einnig að þeir geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu beri árangur

Tillögur um aðferðir:

- Vantar frekari aðferðir við að styrkja nemendur við að taka meiri ábyrgð á eigin námi
- Að skólasamfélagið allt þrói samræmt agastjórnunartæki og aðferðir til þess að þjálfa nemendur markvisst í að bera ábyrgð á námi sínu, orðum og gjörðum
- Að vinna markvisst að því að kenna nemendum að setja sér áætlun og markmið í náminu

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Sjálfstæði og samvinna

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á miðstigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfniþátta við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 5, 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Með ýmsum félagslegum uppákomum í skólanum erum við að skapa nemendum það umhverfi að hver og einn fái að njóta sín og geta tekið virkan þátt
- Samstarf og samvinna þar sem allir fá að njóta sinna hæfileika
- Samvinnu- og hópverkefni eru ríkur þáttur í skólastarfinu. Vinabekkirnir, Vinaliðaverkefnið og þemavikur eru hluti af þessu markmiði
- Markvisst er unnið að því að efla sjálfstæði og samvinnu nemenda

Það sem þarf að bæta:

- Ekki hægt að koma auga á veikar hliðar hér
- Skortur á samfellu og heildarsýn við uppbyggingu samvinnuverkefna og verkefni of sérmiðuð við ákveðna þætti, s.s. þemavikur, Olweusardag, vinaliðaverkefni og fl.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skólasamfélagið býður upp á gott aðgengi að eflingu félagslegrar færni í leik og starfi
- Að nemendum sé gefið tækifæri til að nýta styrkleika sína í námi og samskiptum
- Að byggja upp sjálfsmynd nemenda og efla hæfni þeirra til að taka uppbyggilegri gagnrýni

Tillögur um aðgerðir:

- Að halda áfram á sömu braut
- Að halda áfram á sömu braut, viðhalda árangrinum

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Nýting miðla og upplýsinga

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á miðstigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 7. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 4, 4, 4, 5,

Sterku hliðarnar okkar:

- Aðstaða og tækjabúnaður er til staðar
- Nemendur hafa aðgang að tveimur tölvuverum, nettengdum tölvum og skjávörpum í flestum stofum og góðu skólabókasafni, auk þess sem allir nemendur hafa frían aðgang að Héraðsbókasafninu. Nýjar tölvur í flestum stofum. Góður aðgangur að Jóa
- Nemendum er kennt að nýta sér hjálpartæki og fjölbreytta miðla við nám sitt

Það sem þarf að bæta:

- Hægt væri að nýta aðstöðu og tækjabúnað enn frekar
- A. Viljann skortir ekki. Tækjakostur ófullnægjandi
- B. Nýsköpun er frekar af skornum skammti
- Fartölvurnar eru úr sér gengnar, IPadar eru einungis nettengdir í stofum 4.bekkjjar og á bókasafni og enn eru nokkrar kennslustofur án skjávarpa
- Tæknilegir örðugleikar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur hafi greiðan aðgang að margmiðlun og kunni að nýta sér nýjustu tækni á ábyrgan hátt
- Að halda áfram að gera nemendur meðvitaða og ábyrga varðandi notkun rafrænna upplýsinga

Tillögur um aðgerðir:

- Að starfsfólk nýti sér aðbúnað betur og að upplýsingatækni er þverfagleg sem mætti nýta betur
- Skilvirkara samband við Kerfisveituna/netþjóna
- Draga úr tæknilegum vandamálum t.d. með því að hafa virkan þráðlausan netaðgang alls staðar í húsinu

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Ábyrgð og mat á eigin námi

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á miðstigi unnu að mati á því hvort *við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi* þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipáttanna við lok 7. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við teljum okkur vera að nota fjölbreytta kennsluhætti til þess að nemendur vita hvar þeirra styrkleikar liggja
- Leiðsagnarmatið
- Nemendum gefinn kostur á að setja sér markmið í leiðsagnarmati og meta styrkleika sína. Einnig vinna kennarar stöðugt að því að kynna þeim æskileg markmið og leiðir að þeim
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og námsumhverfi er með þeim hætti að nemendum er gert kleift að nýta styrkleika sína í náminu

Það sem þarf að bæta:

- Fjölbreyttari kennsluhættir væru til staðar ef aðbúnaður væri betri (starfsfólk ofl.) einnig hefur ekki verið hægt að einbeita sér nægjanlega að einstaklingsmiðuðu námi sem gæti stuðlað að því, að nemendur hefðu meiri möguleika til þess að setja sér markmið eða taka meiri ábyrgð á eigin námi
- B. Kenna þarf nemendum að setja sér markmið fyrr á námstímanum

- C. Kennarar eru enn að kynna sér nýju Aðalnámskrána og þess vegna treystum við okkur ekki til að gefa þessum lið einkunn
- Námskráin er flestum nemendum ókunnugt plagg. Gætum gert meira í því að gera nemendum markmiðin ljós. Mismunandi er eftir greinum hversu skýr markmiðin geta verið; sumar hafa mælanleg markmið, önnur huglæg
- Gera þarf nemendum betur kleift að setja sér eigin markmið í náminu
- Hæfniviðmið Aðalnámskrár eru ekki nægilega sýnileg fyrir nemendur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að starfsfólk skólans er mjög jákvætt og allt að vilja gert til þess að stuðla að fjölbreyttari kennsluháttum og námsumhverfi
- Að nemendur geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig þeir geti nýst í að ná settum markmiðum
- Að kennsluhættir séu með þeim hætti að nemendur setji sér sjálfir raunhæf markmið í náminu og séu meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim sbr. hæfniviðmið Aðalnámskrár

Tillögur um aðgerðir:

- Fleira starfsfólk og meiri tími í stundatöflu fyrir samráð og samvinnu
- Að kennarar geri nemendum markmiðin skýr í upphafi og mikilvægt sé að uppfylla þau jafnóðum svo hægt sé að byggja nýja þekkingu stig af stigi
- Gera hæfniviðmið Aðalnámskrár sýnilegri nemendum og að nemendum sé kennt að setja sér raunhæf námsmarkmið

Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Markmið með umbótum:

- Auka ábyrgð nemenda á eigin námi
- Að efla færni nemenda í að taka ábyrgð á eigin námi

Hvenær vitum við að því er náð:

- Betri líðan nemenda sem og starfsfólks

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<i>Tjáning og miðlun</i>				
Hér erum við bara frábær...				
Auka vægi rökhugsunar og að börn þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu	Kennarar	Á ekki við	Kennsluáætlun	Sjálfsmati

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Kenna nemendum að orðum fylgir ábyrgð	Kennarateymi bekkjarins	Aldrei fullklárað	Sameinað átak allra sem að nemendum koma	Með bekkjarandanum, samskiptum nemenda í víðum skilningi
Að halda áfram á sömu braut	Allir			
Skapandi og gagnrýnin hugsun				
Það þarf að skapa þær aðstæður strax í byrjun skólagöngu að nemendur beri meiri ábyrgð á eigin námi með aukinni námstækni	Kennarar, nemendur og foreldrar	Sem fyrst	Meiri tíma og fleira starfsfólk	Nemendur og kennarar
Nemendur þurfa að fá tækifæri til að meta hvort verkefnavinna skilar árangri að þeirra mati	Kennarar og nemendur	Unnið jafnt og þétt út skólaárið	Sjálfsmat og jafningjamat og tími	Leiðsagnarmat
Að skólasamfélagið allt þróa samræmt agastjórnunartæki og aðferðir til þess að hjálfa nemendum markvisst í að bera ábyrgð á námi sínu, orðum og gjörðum	Skólasamfélagið	Viðvarandi verkefni	Að fagmenntu- verkefni næsta vetrar verði helgað agastjórnun. Reyna að leiða nemendum og starfsmönnum fyrir sjónir með markvissri vinnu hver ávinningurinn yrði fyrir þá sjálfa að bæta aga og samskipti í víðum skilningi	Með leiðsagnarmati og gæðagreinum
Að vinna markvisst að því að kenna nemendum að setja sér áætlun og markmið í náminu	Kennarar	Á næstu misserum	Kenna nemendum að setja sér markmið og áætlun í náminu	Í sjálfsmati með Gæðagreinum
Sjálfstæði og samvinna				
Lítið um veikar hliðar				
Skortur á samfellu og heildarsýn við uppbyggingu samvinnuverkefna og verkefni of sérmiðuð við ákveðna þætti, s.s. þemavikur, Olweusardag, vinaliðaverkefni og fl.	Kennarar bekkjarins	Viðvarandi verkefni	Skipulag sem gerir ráð fyrir þessu allt skólaárið	Samstarfshæfni og vinnuþroski nemenda metinn

Að halda áfram á sömu braut, viðhalda árangrinum	Allir			
Nýting miðla og upplýsinga				
Að starfsfólk nýti sér aðbúnað betur, upplýsingatækni er þverfagleg sem mætti nýta betur	Kennarar og starfsfólk	Sem fyrst	Vilji og skipulag á starfsháttum	Starfsfólk
Bæta þarf tækjakost í kennslustofum t.d. vantar fartölvur og þær sem til eru virka ekki nógu vel	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Fjármagn	Sjálfsmat
Skilvirkara samband við Kerfisveituna/netþjóna	Skólastjórnendur þurfa að finna rétta manninn/konuna	Sem fyrst	Skilning á því að nútímafólk gerir kröfu um að viðmót tölvunnar sé skilvirkt	Fljót og hnökralaus tölvusamskipti
Draga úr tæknilegum vandamálum t.d. með því að hafa virkan þráðlausan netaðgang alls staðar í húsinu	Skólayfirvöld og tæknimenn	Eins fljótt og auðið er	Aukið fjármagn	?
Ábyrgð og mat á eigin námi				
Fjölbreyttari kennsluhættir þyrftu að vera til staðar. Einnig hefur ekki verið hægt að einbeita sér nægjanlega að einstaklingsmiðuðu námi sem gæti stuðlað að því, að nemendur hefðu meiri möguleika til þess að setja sér markmið eða taka meiri ábyrgð á eigin námi	Samvinna kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra	Sem fyrst	Meiri tíma og fleira starfsfólk	Allt skólasamfélagið
Kenna nemendum markmiðsetningu í námi fyrr á námstímanum, bæði skammtíma – og langtímamarkmið	Kennarar	Unnið jafnt og þétt út skólaár	Kennsluáætlun	Sjálfsmat og leiðsagnarmat
Að kennarar geri nemendum markmiðin skýr í upphafi og mikilvægt sé að uppfylla þau jafnóðum svo hægt sé að byggja nýja þekkingu stig af stigi	Kennarar	Viðvarandi verkefni	Skýr og greinileg námsmarkmið. Hafa námskrá ætíð á takteinum	Með því að kanna viðhorf nemenda og með símati kennara
Gera hæfniviðmið Aðalnámskrár sýnilegri nemendum og að nemendum sé kennt að setja sér raunhæf námsmarkmið	Kennarar	Á næstu misserum	Hafa hæfniviðmið sýnileg í skólastofum og gera nemendum	Í sjálfsmati með Gæðagreinum

			ljóst fyrir hvað þau standa	
--	--	--	-----------------------------	--

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Tjáning og miðlun

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á unglíngastigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipátta við lok 10. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 4, 5, 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Við sköpum nemendum fjölbreytt tækifæri til tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri
- Mikil áhersla er lögð á það í skólastarfinu að nemendur komi fram og tjái sig
- Nemendur fá góð tækifæri til að tjá sig
- Markviss lífsleiknikennsla, Orð af orði, bekkjarfundir, mikil leiklistarkennsla

Það sem þarf að bæta:

- Við þurfum að vinna meira í að bæta orðaforða nemenda
- Orðaforði nemenda er ekki nægilegur
- Vantar að kenna þeim að nota rök til að styðja mál sitt og ræða saman á jafnréttisgrundvelli
- Mættu vera fjölbreyttari aðferðir fyrir nemendur til að tjá skoðanir sínar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Mikilvægi þess að nemendur geti komið fram og tjáð sig bæði í töluðu og rituðu máli
- Að nemendur læri að tjá sig á sómasamlegan hátt
- Skapa umhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að láta raddir sínar heyrast á margvíslegan hátt

Tillögur um aðgerðir:

- Vinna í Orði af orði

- Stofna málfundafélag

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á unglingsstigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfniþátta við lok 10. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 3, 3

Sterku hliðarnar okkar:

- Við sköpum nemendum okkar gott umhverfi til að vinna samkvæmt eigin getu
- Leitast er við í öllu skólastarfinu að upplýsa nemendur og krefjast af þeim gagnrýni og skynsamlegra ákvarðana
- Nemendur geta dregið sínar eigin ályktanir út frá upplýsingum
- Fjölbreytt verkefnaskil í nokkrum greinum s.s. í íslensku og myndmennt. Frammistöðumat

Það sem þarf að bæta:

- Við þurfum að gefa nemendum fleiri tækifæri til að setja sér markmið og vinna svo eftir þeim!!
- Ekki tekst alltaf að hvetja nemendur til að takast á við verkefni sem ekki er fyrirfram vitað hvort heppnist eða ekki
- Skipulag nemenda á eigin námi er ábótavant
- Gefum nemendum ekki nóg val varðandi efni og aðferðir. Of mikil mötun. Markmið ekki nægilega skýr og sýnileg í öllum greinum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nemendur öðlist færni til að draga eigin ályktanir og séu óhræddir við mistök
- Einstaklingsmiðuð kennsla þar sem nemendur læra að taka ábyrgð á náminu, setja sér raunhæf markmið og gera áætlun þar um. Kennarar veiti nemendum reglulega endurgjöf

Tillögur um aðgerðir:

- Nauðsynlegt að hópar séu ekki of fjölmennir því skapandi kennsla krefst mikillar einstaklingsmiðunar

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Sjálfstæði og samvinna

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á unglingastigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipátta við lok 10. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við sköpum nemendum mjög gott umhverfi til að vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu
- Mikill vilji er til að skapa nemendum tækifæri til sjálfstæðis og frumkvæðis í námi og félagsstarfi
- Sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem útskrifast héðan
- Nemendafélag, skólaráð, vinaliðaverkefni, markviss lífsleiknikennsla, bekkjarfundir, frammistöðumat, ART þjálfun

Það sem þarf að bæta:

- Að skapa umhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að gagnrýna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt
- Ekki hefur alltaf tekist nægilega vel að virkja nemendur til ábyrgðar og frumkvæðis
- Nemendur bera ekki nægilega ábyrgð á eigin námi
- Mættu vera fjölbreyttari aðferðir fyrir alla nemendur til að læra að taka frumkvæði og vera virkir í samstarfi og samfélaginu

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að efla virkni og sjálfstæði nemenda í námi
- Að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og á sjálfum sér sem borgurum
- Allir kennarar verða meðvitað að flétta þessa þætti inn í kennsluna sína og nota til þess öll tækifæri

Tillögur um aðgerðir:

- Nemendur verði þjálfaðir í fundarsköpum og rökræðum
- Að nemendur fái þjálfun í að vinna saman og leysa vandamálin innan hópsins á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- Allir kennarar séu meðvitaðir um að skapa nemendum tækifæri í námsumhverfinu til að taka frumkvæði, vera virkir, sýna ábyrgð og byggja upp sterka sjálfsmynd

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Nýting miðla og upplýsinga

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á unglingastigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfnipátta við lok 4. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 3, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við erum dugleg að upplýsa börn og foreldra um hvernig nýta eigi netmiðla
- Nemendur hafa greiðan aðgang að ýmiss konar hjálpartækjum, s.s. tölvum og bókasafni. Í skólanum eru nemendur og foreldrar fræddir um þá ábyrgð sem fylgir notkun samskiptamiðla
- Töluverð tækniþekking meðal starfsfólks. Góður tækjakostur – tölvur/skjávarpar
- Gott tölvuver, mikil umræða og strangar reglur um netnotkun í skólanum

Það sem þarf að bæta:

- Við erum ekki nógu dugleg við að nota aðra miðla en tölvur og hananú!
- Í daglegu skólastarfi eru kennarar ekki nægilega duglegir að nýta sér fjölbreytta miðla í kennslustund. Nemendur virðast ekki meðtaka þá fræðslu sem þeir fá um notkun samskiptamiðla
- Ekkert þráðlaust net opið nemendum, vantar fleiri tölvur/ipad sem bekkjarsett
- Starfsfólk hefur að öllu jöfnu ekki næga kunnáttu á þau tæki sem nemendur eru að nota og eiga

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að gera nemendur ábyrgari um netnotkun
- Að nemendur beri ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum
- Nemendur læri að nýta sér netmiðla til náms og að kennarar læri á tækin. Skólinn þarf skýra stefnu í þessum málum

Tillögur um aðgerðir:

- Aukin fræðsla til handa kennurum í sambandi við tækniþjálfun
- Að sett verði upp hot-spot svo hægt sé að nýta tækjakost nemenda til að auka tækni við kennslu og nám
- Að keypt verði bekkjarsett af Ipad spjaldtölvum sem hægt er að fara með inn í bekki og vinna með þar

- Allir kennarar fá iPad eða annað sambærilegt tæki sem vinnutæki og fá leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta það í kennslu og hvað skal varast þegar kemur að netnotkun nemenda

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Ábyrgð og mat á eigin námi

Vinnulag:

Fjórir hópar starfsmanna, með u.þ.b. 6 starfsmönnum hver, sem kenna og vinna með nemendum á unglingastigi unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi** þar sem nemendum er gert kleift að ná hæfniviðmiðum lykilhæfniþátta við lok 10. bekkjar. Unnið var að umbótaáætlunum í kjölfar matsins. Vinna starfsfólks fór fram á starfsdegi 13. febrúar og á starfsmannafundi 18. febrúar.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 4, 3

Sterku hliðarnar okkar:

- Við sköpum nemendum umhverfi þar sem þeir geta hagnýtt sterku hliðar sínar til náms og starfa
- Nemendur hafa tækifæri til að skipuleggja eigið nám og vinna samkvæmt eigin hæfni í sumum námsgreinum
- Valið er fjölbreytt og skapar gott mótvægi við bóklegu fögin
- Markviss lífsleiknikennsla, frammistöðumatið, lotukerfi í stærðfræði, fjölbreytt verkefnaskil í nokkrum greinum s.s. í íslensku og myndmennt

Það sem þarf að bæta:

- Erum ekki farin að vinna eftir nýrri Aðalnámskrá og því ekki farin að kynna hana fyrir nemendum
- Námsáætlanir ekki alltaf nægilega skýrar og erfitt getur verið fyrir nemanda að skipuleggja sig samkvæmt því
- Ekki hefur verið farið nægilega vel í að láta nemendur bera ábyrgð á eigin námi
- Gefum nemendum ekki nóg val varðandi efni og aðferðir. Of mikil mötun

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Tækifæri nemenda til að vinna á eigin forsendum
- Að nemendur þjálfist í að skipuleggja og bera ábyrgð á eigin námi
- Þeir þættir sem stuðla að styrkingu sjálfsmyndar og ábyrgðar nemenda

Tillögur um aðgerðir:

- Bæta þarf verklag við gerð náms- og kennsluáætlanna til að gera þær að betra vinnutæki bæði fyrir nemendur og kennara
- Að færa kennsluhætti nær því að nemendur setji sér raunhæf markmið og fylgi þeim eftir

Þróunaráætlun - lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Markmið með umbótum:

- Að gera betur

Hvenær vitum við að því er náð:

- Þegar við gefum okkur 6 í einkunn fyrir þennan gæðagreiði

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<i>Tjáning og miðlun</i>				
Bæta orðaforða nemenda og vekja áhuga viðmælenda	Allir	Því lýkur ekki	M.a. orð af orði og málfundir	Með því að hlusta á nemendur með gagnrýninni hugsun
Hér á það sama við og í þættinum sjálfstæði og samvinna. Auk þess er nauðsynlegt að halda áfram við vinnuna Orð af orði til að auka orðaforða og málskilning nemenda	Allir kennarar			
Stofna málfundafélag, auka rökræður í kennslu	Samfélagsfræðikennarar	Á næsta skólaári	Vilja	Ekki hægt
Málfundir, nemendur læri fundarsköp, spunaverkefni, allir kennarar nýti Orð af orði	Kennarar	Innleitt frá og með næsta skólaári	Vilja, skýra og sýnilega námsáætlun	Endurmat á gæðagreiði
<i>Skapandi og gagnrýnin hugsun</i>				
Gefa nemendum tækifæri til að gera áætlun til að ná settum markmiðum	Kennarar	Því lýkur ekki	Haha tíma!!!	Í námsmati
Kennarar skipuleggi þverfagleg verkefni sem eru opin og hafa ekki fyrirfram ákveðna niðurstöðu	Allir kennarar			

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Nauðsynlegt að hópar séu ekki of fjölmennir því skapandi kennsla krefst mikillar einstaklingsmiðunar	Stjórnendur	Innleitt frá og með næsta skólaári	Fjármagn, skipulagsbreytingar	Endurmat á gæðagreiðni
<i>Sjálfstæði og samvinna</i>				
Kenna þeim jákvæða og uppbyggilega gagnrýni	Allir	Lýkur aldrei	Árvekni og jákvæðni	Í viðtölum og samskiptum
Nemendur verði þjálfaðir í fundarsköpum og rökræðum	Umsjónarkennarar			
Auka hópavinnu innan námsgreina				
Kennsla um vinnu í hópum	Kennarar		Vilja	Erfitt að mæla það
Allir kennarar séu meðvitaðir um að skapa nemendum tækifæri í námsumhverfinu til að taka frumkvæði, vera virkir, sýna ábyrgð og byggja upp sterka sjálfsmynd	Allir kennarar	Innleitt frá og með næsta skólaári. Endilega byrja samt strax!	Vilja og skýra og sýnilega námsáætlanir. Þverfagleg vinnubrögð	Endurmat á gæðagreiðni
<i>Nýting miðla og upplýsinga</i>				
Kenna nemendum að nýta aðra miðla en netmiðla	Kennarar	Lýkur aldrei	Fræðslu	Mat á verkefnum
Kennarar setji í kennsluáætlanir hvernig þeir hyggist nota fjölbreytta miðla í kennslu og fylgi því eftir að svo sé gert	Allir kennarar	September 2015		Könnun á notkun miðla í kennslustundum
Aukin fræðsla fyrir kennara	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Tími og fjármagn	
Setja upp þráðlaust net	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Fjármagn og vilji	Það sést
Bekkjarsett af Ipad	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Fjármagn	
Allir kennarar fái iPad eða annað sambærilegt tæki sem vinnutæki og fái leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta það í kennslu og hvað skal varast þegar kemur að netnotkun nemenda	Stjórnendur og kennarar	Innleitt frá og með næsta skólaári	Skýra stefnu um hvernig skuli standa að málum. Fjármagn	Endurmat á gæðagreiðni
<i>Ábyrgð og mat á eigin námi</i>				
Við þurfum að kynna nemendum hæfniviðmið nýrrar Aðalnámskrár	Kennarar	Sem fyrst	Lesi Aðalnámskrá	Þegar búið er að innleiða Aðalnámskrá

Bæta þarf verklag við gerð náms- og kennsluáætlanna til að gera þær að betra vinnutæki bæði fyrir nemendur og kennara	Allir kennarar	Sem fyrst		
Breyta kennsluháttum	Kennarar		Vilji og tími til að breyta	
Ekki láta kennslubækurnar ráða ferðinni of mikið heldur setja fram skýr og sýnileg markmið í hverri grein. Leyfa nemendum að setja fram hugmyndir sínar um hvernig skal ná markmiðunum og gera áætlun þar um sem þau taka ábyrgð á	Kennarar	Innleitt frá og með næsta skólaári	Setja skýr og sýnileg markmið í hverri grein. Nemendur gera einstaklingsáætlanir um framvindu náms og fá endurgjöf reglulega frá kennara	Endurmat á gæðagreiini

Mats- og umbótaskýrslur nemenda:

Gæðagreiini um námsreynslu nemenda, einfaldaða útgáfu, má sjá í viðauka III.

Mat á gæðagreiini 2.1 Námsreynsla nemenda, 8. bekkur

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tíu vinnuhópum, með samtals 38 nemendum úr 8. bekk í Árskóla 31.03.2014. Sjálfsmatsteymi sá um fyrirlögn, aðstoð og úrvinnslu.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 4, 4, 5, 4, 4, 2, 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við tókum mikinn þátt í leikjum og þemavikum þannig að við tókum mjög góðan þátt í skólstarfinu
- Já við höfum mjög góð tækifæri (innsk. til að koma skoðunum okkar á framfæri)
- Það fer eftir manneskjum stundum já og nei (innsk. öryggi nemenda)
- Já, við reynum flest að vera það (innsk. hjálpsemi við aðra)
- Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum um námið
- Kennarar eru skýrir
- Það er upplifun okkar að það er komið vel fram við okkur
- Það er komið fram við okkur af virðingu í skólanum og þess vegna erum við örugg
- Við tókum góðum framförum í námi og í þroska. Við erum hjálpsöm við aðra. Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum. Við erum með mjög gott öryggi í skólanum. Komið er fram við okkur af sanngirni og virðingu
- Við erum t.d. í erfiðari stærðfræði og íslensku en í 1. bekk
- Ef einhver er lagður í einelti reynum við allavega að hjálpa honum
- Kennarar hjálpa okkur mikið

- Við erum með gott öryggi hér í skólanum það er t.d. grindverk í kringum allan skólann
- Það eru flestir mjög vingjarnlegir í skólanum

- Meirihluti nemenda er áhugasamur í náminu
- Flestir eru duglegir og taka framförum
- Flestir kennararnir gefa ágætar skýringar

- Við tökum góðan þátt í skólastarfinu, t.d. Vinaliðaverkefnið og vinabekkirnir
- Við teljum okkur vera nokkuð áhugasöm í náminu
- Við þroskumst og bætum við okkur í námi
- Kennararnir hjálpa okkur vel með námið
- Flest allir taka góðan þátt í skólastarfinu t.d. Vinaliðaverkefnið
- Það er oftast komið fram við okkur af sanngirni og virðingu í skólanum
- Við höfum áhrif á skólastarfið t.d. með skoðunum okkar
- Við getum alltaf talað við einhvern um skoðanir okkar
- Við erum mjög örugg í skólanum
- Við hjálpumst ekki mikið að en bara stundum
- Við erum samheldinn hópur, það eru allir góðir vinir og það kemur sjaldan upp ágreiningur
- Kennararnir eru hjálpsamir og skilningsríkir
- Okkur finnst kennarar virða skoðanir okkar
- Við fáum að ákveða margt með skólastjórnendum
- Margir koma fram með skoðanir sínar í umsjónartímum
- Enginn (sem við vitum af) er lagður í einelti eða er strítt í skólanum

- Við þroskumst á hverju ári og bætum okkur
- Kennarar hjálpa okkur ef okkur vantar hjálp
- Við tökum ábyrgð og hjálpum til í skólastarfinu
- Það er komið vel fram við okkur í skólanum
- Við vinnum vel og höfum áhuga á því
- Okkur er leyft að segja okkar skoðanir
- Perrar komast ekki og ræningjar ekki (innsk. varðandi öryggi nem. í skóla)
- Við hjálpum þeim sem þurfa hjálp

- Það er komið fram af sanngirni og virðingu við okkur
- Við búum í öruggu umhverfi
- Við erum svo góð (innsk. hjálpsemi við aðra)

- Við erum örugg og hjálpsöm

- Framfarir eru í lagi en gæti verið betri
- Góðir kennarar
- Við eru virkir í tímum

Það sem þarf að bæta:

- Það eru margir nemendur sem eru mjög áhugasamir í náminu en færri heldur en fleiri að okkar mati
- Við tökum flest framförum í náminu en erum ekki nógu þroskuð með það að hafa hljóð og svoleiðis
- Við fáum góðar leiðbeiningar frá mörgum kennurum og mjög slæmar frá sumum svo þeir mega alveg bæta sig eins og við
- Við erum ekki ábyrgir nemendur því ef við værum það myndum við líka taka tillit til annarra
- Sumir kennarar koma ekki nógu vel fram við okkur
- Já, við erum nokkuð dugleg að láta vita en sumir ekki (innsk. um ánægju með skólastarfið)
- Við höfum mismikil áhrif á skólastarfið

- Okkur eru ekki gefin næg tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri

- Við þurfum að segja oft frá því hvernig okkur líður í skólanum
- Okkur finnst að við ættum að hafa meiri áhrif á skólakerfið
- Við höfum ekki næg tækifæri til að koma fram með skoðanir okkar
- Við erum áhugasöm í náminu
- Við erum ábyrgir nemendur
- Við segjum eiginlega aldrei skoðanir okkar
- Við nenum ekki að læra, þ.e. sumir
- Við týnum hlutum svona yfir allt
- Við verðum að taka okkur á í náminu

- Það mættu vera fleiri sem taka námið alvarlega
- Sumir eru með ólæti
- Ekki nógu skýrar leiðbeiningar frá kennurum
- Það er ekki farið vel með skólagögn, ekki mætt á réttum tíma
- Við erum ekki nógu þakklát
- Það er ekki hlustað á skoðanir nemenda
- Kennarar hlusta ekki á okkur
- Við mættum vera hjálpsamari

- Fjölbreytni í námi, t.d. fara meira út og vera ekki alltaf í bókum
- Það vantar meiri fjölbreytni í námið
- Það vantar líka fjölbreytni í morgunmatinn
- Vantar meiri útivist í námi og svona
- Vantar lengri frímínútur
- Við segjum mjög sjaldan frá því þegar við erum ánægð í skólanum

- Vinnufrið, vegna þess t.d. hversu margir kvarta undan hausverk
- Það eru margir með áhuga á náminu en það eru alltaf einhverjir sem eru með fíflaskap
- Það eru sumir sem taka náminu ekki alvarlega og þroskast þá ekki námslega
- Margir virðast ekki treysta kennurunum

- Við leggjum ekki nóg á okkur
- Við látum ekki vita hvernig okkur líður

- Vegna þess að námsefnið höfðar ekki til allra
- Það tekur mismunandi langan tíma fyrir hvern og einn að þroskast
- Nei okkur finnst við varla fá leiðbeiningar
- Meirihluti nemenda veit ekki hvar hlutirnir sínir eru
- Nei við gerum það oftast ekki (innsk. að segja frá hvað nem. eru ánægðir með í skólanum)
- Kennarar taka ekki mark á okkur
- Já en samt ekki (innsk. að hafa tækifæri til að koma fram með skoðanir sínar)

- Það þarf að bæta sanngirni kynjanna
- Stelpur fá meiri fríðindi en strákar

- A. Of mikið talað í tímum
- G. Við fáum aldrei að ráða neinu
- H. Kennararnir sussa bara þegar við viljum segja skoðun okkar
- Kennarar mega segja allt við okkur en við ekki á móti. Svo mega stelpurnar allt
- Af því að við fáum aldrei umbun eða horfa á myndir (sjaldan horfa á myndir) (innsk. Nemendur segja ekki frá ánægju sinni með skólastarfið...)
- Starfsfólkið stoppar ekki slagsmál nema einhver gráti eða fari heim. Strákunum alltaf kennt um (innsk. varðandi öryggi nem. í skóla)
- Það er komið svo mikið nám núna að við höfum ekki tíma til að hjálpa hinum

Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 8. bekkur

Markmið með umbótum:

- Betra skólalíf og punkta kerfi fyrir kennara
- Fá fleiri tækifæri til að koma hugmyndum okkar á framfæri
- Vera besti skóli í heimi
- Að bæta skólastarfið
- Bæta námsárangur stráka
- Koma í veg fyrir slagsmál

Hvenær vitum við að því er náð:

- Þegar búið er að skoða úr kassanum (hugmyndakassanum)
- Þegar við komum fram í fréttunum
- Þegar allir eru ánægðir
- Þegar strákar vinna betur í tímum og líður betur
- Þegar þau (slagsmálin) eru hætt

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Bæta áhuga og virkni nemenda	Nemendur	Sem fyrst	Áhugaverðara nám	
Hafa hljóð í tímum	Nemendur	Sem fyrst	Aga	
Sumir kennarar gera svo mikið upp á milli - laga það	Kennarar	Sem fyrst	Að kennarar séu meðvitaðir	
Að kennarar komi betur fram við nemendur	Kennarar	Sem fyrst	Bera virðingu fyrir öðrum	
Vera duglegri að láta vita um þegar við erum ánægð í skólanum	Nemendur	Sem fyrst	Að kennarar hugsi sinn gang	
Hópur 2				
Ef maður er með hugmyndir um skólastarfið gæti maður skrifað hana á blað og sett hana svo í kassa sem verður frammi á gangi	Skólastjóri og nemendaráð	Sem fyrst	Framkvæmd	Með því að lesa miðana í kassanum
Hópur 3				
Við þurfum að segja oft frá því hvernig okkur líður	Kennarar	Sem fyrst	Kennarar og nemendur	Þegar við erum oftast glaðari
Við þurfum að vera áhugasamari í náminu	Nemendur	Sem fljótast	Nemendur	Þegar við erum orðin áhugasamari
Við þurfum að sýna meiri ábyrgð	Við sjálf, nemendur	Sem fyrst	Eitthvað sem við þurfum að taka ábyrgð á t.d. lykla, nám	Þegar við erum hætt að týna hlutum og fl.
Hópur 4				
Við ættum að fá að koma okkar skoðunum á framfæri og hafa meiri áhrif á starfið	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Vilji	Með sýn nemenda
Kennarar þurfa að veita meiri leiðsögn um námið	Kennarar	Sem fyrst	Vilja og þolinmæði	Með sýn nemenda
Hópur 5				

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Það þarf að hafa meiri fjölbreytni í námi, ekki alltaf bækur	Kennararnir og skólastjórnin	Sem fyrst	Útivist og skemmtilega hluti	Á okkur - könnun
Booztbar	Mötuneytið og kokkarnir	Sem fyrst	Blandara og ávexti og glös	Á okkur - könnun
Betri og fjölbreyttari mat	Kokkarnir	Sem fyrst	Mat	Á okkur - könnun
Hópur 6				
Bæta áhugasemi í náminu	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Vilja og dugnað	Með könnunum
Bæta framfarir og þroska	Nemendur	Þegar við erum tilbúnar til þess	Tíma	Þegar kominn er agi í hópinn
Segja frá þegar við erum ánægð í skólanum	Nemendur	Þegar þau hafa lokið máli sínu	Lífsleiknitímar og umsjón	Þegar nemendur treysta kennurum og kennarar vita hvernig nemendum líður
Hópur 7				
Leggja meiri áhuga á námið	Allir krakkar	Sem fyrst fyrir næsta skólaár	Meiri áhuga, meiri vilja	Á lærdómnum og áhuga
Segja frá hvernig okkur líður	Krakkarnir	Sem fyrst fyrir næsta skólaár	Láta vita meira	Að krakkar láti vita meira
Hópur 8				
Kennarar þurfa yfirhöfuð að útskýra betur	Kennarar	Fljótlega	Umræðu við kennara	Þegar við/nemendurnir erum búin að finna muninn
Taka mark á því sem nemendur segja og koma því í verk	Kennarar	Sem fyrst	Eyru (til að hlusta)	Þegar við finnum að við höfum áhrif
Hópur 9				
Hafa jafnrétti milli kynja	Stjórn skólans og karlmannskennarar t.d. Beggi, Óskar og Arnar, Kári, Konni	Byrjun næsta skólaárs	Láta nám höfða betur til stráka en það gerir nú	Spyrja nemendur á mánaðarfresti um hvernig þeim finnst, stelpur og stráka
Hópur 10				
Minnka slagsmál	Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri	Fyrir sumarið	Ræða við krakkana	Athuga hvort þau eru hætt

Mat á gæðagreiini 2.1 Námsreynsla nemenda, 9. bekkur

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tíu vinnuhópum, með samtals 45 nemendum úr 9. bekk í Árskóla kl. 10:00 - 12:10 föstudaginn 25.04.2014. Sjálfsmatsteymi sá um fyrirlögn, aðstoð og úrvinnslu.

Heildareinkunnagjöf: 4, 3, 4, 4, 3, 4, 4, 3, 3, 3

Sterku hliðarnar okkar:

- Við þroskumst við að læra alltaf meira
- Starfsfólkið í skólanum er mjög yndislegt og gott
- Það eru oft kannanir um það sem við viljum bæta í skólanum
- Við teystum starfsfólkinu
- Það er reynt að láta okkur öllum líða vel í skólanum og það hefur áhrif á skólastarfið

- Við reynum okkar besta til þess að hjálpa öðrum
- Við erum nægilega örugg í skólanum

- Stöndum okkur vel og erum örugg
- Lærum oft nýja hluti erum ánægð
- Við fáum hjálp þegar við þurfum á því að halda
- Við erum áhugasöm í náminu

- Við segjum frá því þegar við erum ánægð
- Við höfum áhrif á skólastarfið t.d. hrósa hlutum sem okkur finnst skemmtilegir
- Við reynum að hjálpa öðrum
- Áhugasöm í náminu, við settum 4 vegna þess að við erum oftast áhugasöm í tímum. Við vorum hins vegar ekki tilbúin að setja 5 vegna þess að sumir nemendur eru ekki að fylgjast með
- Við tökum framförum í námi og þroska, við lærum oft nýja hluti t.d. erum við mjög ánægð með lotukerfið. Þá getum við lært á okkar hraða eða farið á undan
- Kennararnir eru oftast tilbúnir til að hjálpa okkur

- Við erum örugg, en erum 15 ára og getum hugsað um okkur sjálf þ.e.a.s. labbað yfir gangbraut og út í Skaffó. Ef foreldrar okkar treysta okkur til að vera ein heima á nóttunni hljótum við að mega labba í 10 mín út í Skaffó
- Við ættum líka að hafa brunaæfingu þar sem allt yrði sviðsett og þá myndum við þurfa að fara út um brunaútganga
- Með aldrinum kemur meiri þroski og áhugi á náminu
- Fer eftir nemendum í ábyrgðarsemi en flestir vilja ná góðum árangri í námi og skólastarfi
- Þegar við erum spurð að því þá segjum við frá
- Erum að hafa áhrif á skólastarfið í svona könnunum
- Erum hjálpsöm ef við getum

- Við erum áhugasöm og viljum ná árangri
- Meira þol í kennslustundum (innsk. Við tökum framförum í námi og þroska)
- Við reynum að gera okkar besta, við vitum hvað við viljum

- Við getum umgengist hvort annað á skynsamlegan hátt
- Við erum dugleg að taka þátt í fjáröflunum og starfsemi skólans, utan skólatíma
- Við sýnum með framkomu ef okkur líður vel
- Misjafnt eftir nemendum. Meiri hlutinn er virkur í skólastarfinu
- Langflest höfum við einhvern áhuga í 2-3 fögum

- Við erum örugg í skólanum

- Okkur finnst við vera örugg í skólanum, við erum ekki beitt ofbeldi hér í skólanum en í sumum tilfellum er beitt andlegu ofbeldi

- Við tökum nægilegan þátt til að komast í gegnum skólann
- Við látum vita þegar okkur líkar eitthvað
- Engir nemendur, enginn skóli (innsk. þannig hafa nemendur áhrif á skólastarfið)

Það sem þarf að bæta:

- Það mætti vera meira skólastarf í því að kynnast hinum krökkunum á unglíngastigi
- Við spáum ekkert í það (innsk. hvort nemendur segi frá ánægju með skólastarfið)
- Það vantar ekki beint mikla hjálp en þegar það vantar þá er spurt um hjálp og flestir eru til í að hjálpa
- Það mætti sumt vera skemmtilegra í náminu
- Leiðbeiningar frá kennurum um námið mættu vera betri

- Við komum oft með okkar eigin skoðanir en oftast er ekki hlustað á þær eða tekið tillit til þeirra
- Okkur finnst of mikið lagt á okkur, of mikill heimalærdómur og um helgar og eftir skóla á að vera frí, við missum áhugann á náminu með því
- Okkur finnst kennararnir koma verr fram við okkur heldur en við eigum að koma fram við þá

- Tjá okkur meira t.d. segja takk fyrir tímann, þetta var góður tími
- Tala meira um hvað við erum ánægð t.d. skrifa við hvert fag í leiðsagnarmatinu

- Okkur finnst oft að ef nemandi kemur með hugmyndir eða rök gagnvart kennaranum eða nemendum þá er oft rakkað niður
- Við erum ekki nógu hjálpsöm við að ganga frá saman t.d. ef einn gleymir að setja upp stólinn sinn og kennarinn biður annan að setja upp stólinn segir viðkomandi „nei ég sat ekki á þessum stól“
- Við göngum ekki frá saman og oft neikvæð gagnvart hlutum sem eru gerðir í skólanum. Erum líka jákvæð
- Mér finnst að það eigi að uppfæra heimilisfræðistofuna, líka að færa smíðar í verkmenntahúsið

- A. Hafa námið skemmtilegt og fjölbreyttara eins og í samfélagsfræði og náttúrufræði
 - Fer eftir kennurum/kennarar þurfa að aðlaga sig að nemendum en ekki öfugt
 - Kennarar gera mikið upp á milli nemenda og virða stundum ekki skoðanir nemenda
 - Virða ekki skoðanir okkar og hafa alltaf svar við öllu
- Við þurfum meiri leiðsögn
 - Taka skoðanir okkar með opnum örmum
 - Það er okkar vani að gera það ekki (innsk. að segja frá ánægju með skólastarfið)
 - Við komum með hugmyndir en það er ekki hlustað
- Við erum óörugg með matinn og lúsina
 - Við erum dugleg að segja skoðanir og hugmyndir en þeim er ekki fylgt eftir
 - Mismunandi eftir starfsmönnum hvort komið er fram af sanngirni og virðingu við okkur í skólanum
 - Námsefnið er ekki nógu vel útskýrt
 - Sumir taka ekki sjálfir ábyrgð á náminu og sýna ekki nógu mikinn þroska
- Það er ekki tekið mark á skoðunum okkar
 - Það er ekki tekið mark á námshæfni hvers og eins
 - Er skritin spurning, fólki finnst ekki eðlilegt að segjast vera glöð í dag
 - Það er ekkert gaman að vinna eitthvað blað sem er hent fyrir framan þig
- Við viljum fá að koma skoðunum okkar á framfæri og fá betra hljóð þegar við komum skoðunum okkar á framfæri
 - Við erum gagnrýnd bæði af nemendum og kennurum gagnvart náminu
 - Því margir krakkar leggja sig ekki nógu mikið fram fyrir námið
- Allt of mikið öruggi, allt er bannað, t.d. að fara í Skaffó þegar maður er á unglingsstigi
 - E. Kynjahalli (innsk. þegar metið er hvort nemendum sé sýnd sanngirni og virðing í skólanum)

Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 9. bekkur

Markmið með umbótum:

- Gera það sem maður ætlaði sér að gera

Hvenær vitum við að því er náð:

- Þegar allir hætta að kvarta

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?

Hópur 1				
Bæta samskipti á milli bekkja á unglingsstigi	Kennarar og nemendur	Lok næsta skólaárs	Hópverkefni fyrir allt unglingsstigið	Halda könnun og sjá hvað krökkum finnst
Segja þegar við erum ánægð með eitthvað í skólanum	Nemendur	Sem fyrst	Setja nafnið sitt á miða og síðan gengur hann á milli og allir hrósa eða skrifa e-h jákvætt	Halda könnun og sjá hvað krökkum fannst
Öll að hjálpast að (innsk. varðandi öryggi í skólanum)	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Reyna að bjóða fram hjálp	Þakka fyrir hjálpinu
Gera námið skemmtilegra	Kennarar	Sem fyrst	Gera hópavinnu	Sjá hvort nemendur hafi meiri áhuga á náminu
Reyna að útskýra betur námsþætti	Kennarar	Fyrir þetta skólaár	Vera skýrari	Sjá hvort nemendum gangi betur í náminu
Hópur 2				
Minnka heimanám	Kennarar	Strax	Jákvæðni kennara	Áhugasemi
Koma vel fram	Kennarar	Strax	Virðingu	Virðing á móti
Hlusta á skoðanir nemenda	Kennarar/starfsfólk	Strax	Hlustun	Glaðir nemendur
Hópur 3				
Tjá okkur meira um námið	Við nemendur	Vorið 2015	Tækifæri	Mæla ánægju
Segja frá þegar við erum ánægð	Nemendur og kennarar	Vorið 2015	Tækifæri	Með könnun/viðtölum
Bæta áhugasemi í náminu	Kennarar og nemendur	Vorið 2015	Fjölbreytni	Með könnun
Vera hjálpsöm við aðra	Nemendur og kennarar	Vorið 2015	Jákvæðni	Viðtölum
Hópur 4				
Bæta þátttöku og ábyrgð nemenda	Nemendur og kennarar	ASPS Sem fyrst	Jákvæðni og samvinnu	Krakkar vinna meira sjálfstætt
Höfum góð tækifæri til að koma fram með skoðanir okkar	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Jákvæðni og samvinnu	Að allir geti komið með skoðanir sínar án þess að vera rakkadír niður
Bæta áhugasemi í náminu	Nemendur og kennarar	Sem fyrst	Fjölbreytni í náminu	Nemendur vinna meira og finnst gaman

Hópur 5				
Fjölbreyttara/skemmtilegra nám aðallega í samfélags- og náttúrufræði	Kennarar	Sem fyrst	Fjölbreyttara námsefni	Áhuga nemenda
Kennarar að aðlaga sig betur að nemendum, fara betur yfir upp á töflu t.d. í stærðfræði	Kennarar	Strax	Áhuga	Nemendur/einkunnir
Hætta að gera upp á milli nemenda/ virða allar skoðanir	Kennarar/allir	Núna	Hjálpsemi og virðingu	Nemendur meta það
Kennarar þurfa að byrja að virða skoðanir annara	Kennarar	Í dag	Jákvæðni	Allir meta það saman
Kennarar þurfa að byrja að treysta nemendum og hætta að vernda þá svona mikið – við erum ekki börn	Kennarar	Eftir helgina	Traust	Með trausti
Hópur 6				
Við þurfum meiri leiðbeiningar	Kennarar	Fyrir næsta skólaár	Undirbúningur	Nemendakönnun
Taka skoðunum okkar með opnum örmum	Starfsfólk skólans	Eins fljótt og hægt er	Taka mark á þeim	Nemendur og starfsfólk
Við þurfum að tjá okkur	Nemendur	Eins fljótt og hægt er	Spyrja okkur um það	Kennarar
Hlusta á hugmyndir okkar	Starfsfólk skólans	Eins fljótt og hægt er	Spyrja okkur um það	Nemendur
Hópur 7				
Skoða fiskinn betur og henda úreltu	Matráður	Sem fyrst	Skynsemi	Skólastjóri
Vinna úr hugmyndum nemenda	Starfsmenn	Sem fyrst	Framkvæmd	Skólastjóri
Koma fram eins við alla	Kennarar	Sem fyrst	Sanngirni	Nemendur
Útskýra efnið betur t.d. á töflu	Kennarar	Strax	Þolinmæði	Nemendur
Í 10. bekk er námið alveg á okkar ábyrgð	Nemendur	Í haust	Skynsemi/vinnu	Kennarar
Hópur 8				
Hlusta á nemendur	Kennarar og starfsfólk	Aldrei	Þolinmæði	Annað mat
Fjölbreytilegra nám	Kennarar	Aldrei	Skapandi hugsun	Annað mat
Ekki búast við því (innsk. ... að við segjum frá ánægju með skólann)	Kennarar	Aldrei	Sætta sig við það	Hann verður líklega enginn

Hópur 9				
Létta námið aðeins, hafa fjölbreyttara í tímum	Kennarar?	Fyrir 10. bekk	Góðar hugmyndir	Glaðari nemendur
Hætta að látat eins og við séum í 1. bekk	Nemendur	Fyrir 10. bekk	Sýna þroska	Glaðari nemendur
Þurfum að vera jákvæð og taka betur þátt í náminu	Nemendur	Fyrir 10. bekk	Sýna jákvæðni	Glaðari nemendur
Koma betur fram við hvert annað	Nemendur og kennarar	Fyrir 10. bekk	Sýna virðingu	Glaðari nemendur
Hlusta betur á hvað aðrir hafa að segja	Nemendur og kennarar	Fyrir 10. bekk	Hlusta betur og bera virðingu fyrir öðrum	Glaðari nemendur
Hópur 10				
Hlusta betur á nemendur	Kennarar	Sem fyrst	Opnari huga	Þegar nemandi fær hugmynd sem komið er á framfæri
Laga kynjahalla, misrétti	Kennarar	Núna	Hætta að sleikja	Þegar þeir (kennarar) taka af þeim símann líka
Skólastarf	Kennarar	Sem fyrst	Stelpurnar vinna, strákararnir saman	Fleiri hluti til að gera
Fá kennara til að hjálpa okkur í náminu	Kennarar	Fljótlega	Fá kennara til að hjálpa öllum	Sweg
Erum við hjálpsöm	Við	Sem fyrst	Góðgerðir	Ánægja

Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda, 10. bekkur

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af átta vinnuhópum, með samtals 36 nemendum úr 10. bekk í Árskóla 23.04.2014. Sjálfsmatsteymi sá um fyrirlögn, aðstoð og úrvinnslu.

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 5, 4, 4, 5, 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Vegna þess að við höfum góðan bekkjar- og vanaanda. Þá hefur það áhrif á getu okkar og metnað og hvernig okkur líður
- Við erum áhugasöm um námið en okkur skortir þó smá metnað svona annars lagið
- Okkur finnst við vera örugg í skólanum því það passa allir upp á hvorn annan og eru hjálplegir
- Ef að einhver þarfnast aðstoðar þá hjálpum við honum

- Okkur líður vel og mórallinn er góður
- Við erum félagslynd og eigum marga góða vini
- Flestir leggja sig fram í námi og þroskast
- Áhuginn er misjafn í náminu og við leggjum okkur fram

- Kennararnir hjálpa okkur og fara ekki fyrir en við höfum skilið þetta
- Við erum mikilvægt andlit skólans og tökum því með bros á vör, loksins skiptum við máli í skólanum
- Fólki og starfsfólki tekur okkur sem jafningjum, því nú erum við elst, yngri nemendur horfa mikið upp til okkar
- Við erum ánægð í skólanum en við tölum ekkert mikið um það
- G. T.d. gagnbrautin, útigæsla. Við erum fyrirmyndir (innsk. við höfum áhrif á skólastarfið)
- T.d. erum við að gera okkar mat núna á skólanum sem er tekið mark á
- Starfsfólk er mjög meðvitað um einelti og ofbeldi í skólanum
- Það myndu allir hjálpa ef þeir yrðu varir við það að einhverjir þyrftu hjálp

- Við höfum fullorðnast og þorum að spyrja

- Allir nemendur hafa áhuga á einhverju en ekki því sama
- Við erum samheldinn bekkur og hjálpum hvert öðru
- Manni líður vel þegar maður kemur í skólann
- Við fáum að segja skoðanir okkar þegar við þurfum
- Kennararnir koma vel fram við okkur og við við þá
- Það er mismunandi eftir nemendum (innsk. ábyrgð og virkni nem. í skólastarfinu)
- Við sem heild höfum þroskast og bætt okkur í námi

- Erum búin að taka góðum framförum og hópurnir er búinn að þroskast mikið
- Við tökum virkan þátt í fjáröfluninni og félagslífi
- Það er oft komið til móts við okkur

- Okkur finnst við hafa þroskast (sumir meira en aðrir), það er meiri ró í tímum og betri vinnufriður
- Við erum samheldinn árgangur, fjáröflun og fleira gengur vel
- T.d. höfum við mikil áhrif á yngri nemendur
- Okkur líður vel, höfum ekki fundið fyrir óöryggi
- ☺ (innsk. komið fram við okkur af sanngirni og virðingu í skólanum)

- Við upplifum okkur örugg í skólanum, góður andi
- Við tökum mikið af könnunum um skólastarfið svo við höfum tækifæri til að koma skoðunum okkar á framfæri
- Við fáum tækifæri til þess að koma skoðunum okkar á framfæri og getum komið að breytingum þannig

Það sem þarf að bæta:

- Við höfum engan til að tjá skoðanir okkar

- Engir staðir til að segja skoðanir sínar
- Við getum látið vita að okkur líður vel en fáir gera það
- Það fer eftir hjá hvaða kennara maður er með en ef maður er góður í náminu er nemandanum ekki hjálpað eins mikið
- Sumir kennarar eru mjög óskipulagðir og það kemur oft niður á nemendum
- Gera námið áhugaverðara
- Við tökum framförum í námi og þroska. Þetta er út af fyrirmyndum okkar... Beggi
- Gera námið skemmtilegra og meiri fjölbreytni
- Við höfum ekki mikil áhrif á námslega partinn en við höfum áhrif á félagslega skólafarfið
- Við segjum ekki frá því þegar við erum ánægð af því okkur finnst það sjálfsagt en við kvörtum þegar við erum ekki ánægð
- Það er mismunandi eftir fögum en það þarf að bæta þetta í sumum fögum (innsk. varðandi leiðbeiningar kennara um námið)
- Fjölbreyttari námsaðferðir, allir að vera virkir
- Mætti láta okkur þurfa að sýna meira sjálfstæði í ákveðnum fögum
- Nokkrir mættu bera örlítið meiri virðingu fyrir okkur og taka meira mark á okkur
- Mættum segja meira frá því sem við erum ánægð með ekki bara segja hvað við erum óánægð með
- Okkur finnst leiðbeiningar frá kennurunum ekki nógu skýrar, vantar meira samræmi milli kennara
- Mættum tala meira um það þegar við erum ánægð
- Við fáum að segja skoðun okkar en það er ekki tekið mikið mark á þeim
- Íhuga meiri hjálpssemi
- Við hjálpum öðrum en það gæti gerst oft
- Maturinn í kaffitímanum mætti vera fjölbreyttari að fá alltaf sama matinn. Það þarf að hafa næga orku til að takast á við verkefni dagsins. Við erum...

Þróunaráætlun gg. 2.1 Námsreynsla nemenda, 10. bekkur

Heildareinkunn hópa: 5, 4, 5, 4, 4, 5, 4,4

Markmið með umbótum:

- Tala

Hvenær vitum við að því er náð:

- Þegar við fáum þá leiðsögn frá kennara sem við þörfumst

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Bæta leiðbeiningar frá kennurum	Kennarar	Sem fyrst	Að við látum vita hvað okkur finnst	Eftir áhuga í náminu
Segja frá ánægju í skólanum	Nemendur	Sem fyrst	Að við tölum	
Hópur 2				
Bæta tækifæri okkar til að koma fram með skoðanir okkar	Umsjónarkennarar ásamt nemendum	Fyrir haustið	Bekkjarfundir 2-3 í mánuði	Sjá niðurstöður í gæðagreiningu árið 2015
Bæta áhrif nemenda á skólastarfið	Starfsfólk skólans	Fyrir haustið	Hlusta á skoðanir nemenda	Sjá niðurstöður í gæðagreiningu árið 2015
Bæta sanngirni og virðingu	Starfsfólk skólans og nemendur	Fyrir haustið	Kennarar sinni öllum eins	Sjá niðurstöður í gæðagreiningu árið 2015
Hópur 3				
Vekja meiri áhuga hjá nemendum	Umsjónarkennarar og nemendur	Fyrir skólaslit	Gera námið skemmtilegra	Þegar nemendur byrja að sýna náminu meiri áhuga
Halda skólanum eins og hann er	Kennarar og nemendur	Aldrei...	Halda áfram á sömu braut	Það er ekki hægt að meta það...
Hópur 4				
Gera námið skemmtilegra og fjölbreyttara	Kennarar og nemendur	Þegar áhugi er kominn	Áhuga	Gert könnun
Breyta námstækni	Kennari	Aldrei	Betri námstækni	Tekin lítil könnun til að sjá hvort að tæknin hafi komist til skila
Hópur 5				
Vita meira í byrjun skólaárs hvað við erum að fara að gera yfir árið	Kennarar segja okkur frá og þá höfum við áhrif	Eftir fyrstu viku skólaárs	Samvinnu hjá kennurum og nemendum	Nemendur finna á sér að þeir megi vera meira með
Láta vita meira hvernig manni líður í skólanum	Nemendurnir	Því á ekki að ljúka	Vilja nemendanna	Kennarar ættu að taka eftir því

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Útskýra betur og passa að allir skilji	Kennarar	Gildir yfir allt árið	Kennarar muni að segja frá	Spyrja nemendur, gera könnun
Hópur 6				
Bæta áhuga nemenda	Nemendur og kennarar	Það er alltaf hægt að bæta það	Fjölbreyttari aðferðir og virkari þátttaka nemenda	Sést bæði á einkunnum og á anda nemenda
Bæta leiðbeiningar kennara	Kennarar og nemendur	Sem fyrst	Leyfa nemendum að sýna meira sjálfstæði	Sést á einkunnum og tala við nemendur
Hópur 7				
Leiðbeiningar skýrari/samræmi á milli kennara	Kennarar	Sem fyrst	Kennarar þurfa að ræða sín á milli	Bekkjarfundur
Segja frá því þegar við erum ánægð☺	Nemendur	Venja sig á það	Jákvætt viðhorf	Þegar jákvæðnin svífur í loftinu
Hlusta á skoðanir nemenda	Starfsfólk	Sem fyrst	Opnari í huga	Bekkjarfundur
Nemendur sýna meiri hjálpssemi	Nemendur	Sem fyrst	Þolinmæði og góðmennsku	Könnun
Hópur 8				
Fá meiri áhugasemi í náminu	Kennarar og nemendur	Þarf helst að vera frá byrjun	Fjölbreyttara efni, skemmtilegra	Viðhorfið frá nemendum
Taka meiri framförum í námi og þroska, er ekki nógu sýnilegt		Fyrir útskrift	Rífa okkur upp úr neikvæðni	

Ígrundun starfsmanna á nemendamatsvinnu unglingsstigs

10. bekkur

Vinnulag:

Starfsmenn unnu í fimm manna hópum, skoðuðu matsskýrslu og þróunaráætlun í gg. 2.1 námsreynsla nemenda hjá einum árgangi, ígrunduðu og svöruðu eftirfarandi spurningum:

Hvernig getum við aðstoðað nemendur við að ná þeim markmiðum sem þeir setja fram í þróunaráætlun?

Hópur 1:

- Okkar skilningur á markmiðum sem nemendur 10. bekkjar settu fram er að þeir vilji fjölbreyttari kennsluaðferðir, skýrari leiðbeiningar frá kennurum og betri námstækni. Einnig vilja nemendur vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum á skólastarfinu, þó sérstaklega finnst þeim ástæða til að láta meira í ljós það sem þeim finnst vel gert

- Til að uppfylla þessi markmið þurfa kennarar að tileinka sér fleiri kennsluaðferðir. Þetta gætu þeir gert í samstarfi hver við annan og eins má hugsa sér að þeir setjist niður með nemendum og leiti leiða hvernig gera megi námið fjölbreyttara að þeirra mati, t.d. í upphafi hverrar annar. Um leið og nemendur eru spurðir um þessi atriði má koma til þeirra leiðbeiningum og upplýsa þá um hvað eru helstu markmið námsgreinarinnar þessa önnina
- Að bæta námstæknina verður best gert í góðu samstarfi við náms- og starfsráðgjafa skólans

Hópur 2:

- Með reglulegum bekkjarfundum u.þ.b. einu sinni í viku og setja þá inn í stundatöflu
- Að virkja nemendaráð og reglulegt nemendamat
- Allir þurfa að hafa sanngirni og virðingu við alla nemendur, hver og einn þarf að skoða sjálfan sig

Hópur 3:

- Skapa nemendum vettvang til að láta í ljósi skoðanir sínar, t.d. með reglulegum bekkjarfundum
- Kynna Mentor betur og nýta sér upplýsingar þaðan
- Kenna námstækni og að setja sér raunhæf markmið

Hópur 4:

- Þeir tala um skort á samræmi á milli kennara og það má örugglega bæta í hverju teymi fyrir sig. Það er stundum erfitt fyrir kennara að finna samráð vegna mismunandi stundatöflu/tímatöflu
- Áhersla á að gera námsefnið skemmtilegra svo það vekir meiri áhuga nemenda. Það er eitthvað sem við getum öll tekið til okkar. Það er spurning um kennsluhætti
- Það væri hægt að sýna nemendum markmið hverrar námsgreinar og leyfa þeim að koma með hugmyndir að verkefnum og leiðum til að læra efnið

Hvernig getum við starfsfólkið, hvert og eitt, brugðist við þeim atriðum sem nemendur setja fram í þróunaráætlun og snúa beint að okkur?

Hópur 1:

- Nauðsynlegt er að hver og einn kynni sér niðurstöður matsins og líti í eiginn barm. Eins getur verið gott að ræða við samstarfsfólk um hvað við getum gert betur bæði sem hópur og einstaklingar

Hópur 2:

- Sjá svar við spurningu eitt

Hópur 3:

- Samræma vinnubrögð betur
- Kynna nemendum námsmarkmið í hverri grein og halda þeim á lofti
- Nýta Mentor betur með einstaklinginn í huga

Hópur 4:

- Verið vakandi fyrir fjölbreyttum kennsluháttum
- Beitt virkri hlustun

9. bekkur

Hvernig getum við aðstoðað nemendur við að ná þeim markmiðum sem þeir setja fram í þróunaráætlun?

Hópur 5:

- Blöndun á unglíngastigi: Félagsvist, einhver fög/fag kennt á öllu unglíngastiginu á sama tíma, gefur möguleika á blöndun á milli árganga (stundum)
- Þemavinna (-vika): Blöndun á unglíngastigi
- Tjá skoðanir sínar: Setja upp hugmyndakassa út á Þekju þar sem nemendur geta skráð skoðanir sínar og óskir (sumir vilja það nafnlaust)
- Varðandi ábyrgð á eigin námi: Aðstoða nemendur við útfærslu og að fylgja eftir markmiðssetningu, áætlun og eftirfylgni

Hópur 6:

- Við getum haldið fleiri bekkjarfundi þar sem við leyfum þeim að segja frá hugmyndum sínum
- Það þarf einnig að kynna þeim hvað felst í nemendalýðræði og að þau séu að tjá hug sinn í þessari vinnu
- Kenna þeim að setja skýr, afmörkuð markmið

Hópur 7:

- Nemendur útlista nánar hvað þau vilja í sambandi við aukið samstarf/kynni á unglíngastigi og við bregðumst við því
- Þau kalla eftir jákvæðri og kurteisri framkomu og við sem starfsfólk getum stuðlað að ákveðnum „síðum“ sem auðveldar öllum að tjá sig og hjálpa til
- Fjölbreytt skólastarf alla daga
- Skýrar og góðar reglur, ákveðni og aga og skýr viðbrögð við broti á reglum

Hópur 8:

- Varðandi námið getum við boðið upp á fjölbreyttari námsleiðir og kennsluaðferðir og meiri einstaklingsmiðun
- Skapa nemendum oftast aðstæður til að koma skoðunum sínum á framfæri með könnunum og umræðum, hlusta á nemendur

Hvernig getum við starfsfólkið, hvert og eitt, brugðist við þeim atriðum sem nemendur setja fram í þróunaráætlun og snúa beint að okkur?

Hópur 5:

- Að vinna starf okkar af kostgæfni hér eftir sem hingað til

Hópur 6:

- Komast að því hvaða leiðbeiningar það eru sem nemendur þurfa meira af
- Hlusta betur/með jákvæðari huga á það sem nemendur hafa að segja en þeir þurfa að setja rök fram á jákvæðan/uppbbyggilegan hátt

Hópur 7:

- Kynna fyrir nemendum þær leiðir sem þeir hafa til að koma skoðunum sínum á framfæri t.d. munnlega og skriflega, nemendaráð og fl.

Hópur 8:

- Vera jákvæðari gagnvart skoðunum og hugmyndum nemenda
- Vera meðvituð um framkomu okkar gagnvart kynjunum, koma eins fram við stráka og stelpur

8. bekkur

Hvernig getum við aðstoðað nemendur við að ná þeim markmiðum sem þeir setja fram í þróunaráætlun?

Hópur 9:

- Hlusta á tillögur nemenda t.d. um hvernig gera má námið áhugaverðara. Tillaga er samþætting og útikennsla
- Gera nemendur ábyrgari fyrir eigin hegðun í sambandi við hljóð í tímum
- Láta gera nemendamat á framkomu kennara
- Kennarar þurfa að hrósa og nemendur á mótí
- Stjórnendur: Setja upp hugmyndakassa fyrir nemendur
- Námsráðgjafi: Hægt að setja upp tilfinningakassa fyrir nemendur. Nemendur verða að láta vita ef vöntun er á útskýringu frá kennurum

Hópur 10:

- Kennarar verði duglegri við að halda bekkjarfundi
- Bekkjarfundir settir í stundatöflu, einu sinni í viku

Hópur 11:

- Hægt að nýta frekar umsjónartíma til þess að gefa nemendum færi á skipulagðan hátt að koma skoðunum sínum á framfæri t.d. í upphafi skólaárs
- Kennarar geri námsáætlanir sýnilegri fyrir nemendum í upphafi skólaárs/-annar

Hópur 12:

- Nýta umsjónar- og lífsleiknitímana betur. Undirbúningur sé nýttur markvisst fyrir þessa tíma þannig að þeir nýtist sem best fyrir nemendur varðandi líðan og nám

- Að nemendur fái tækifæri/vettvang til að tjá sig um jákvæða þætti, líðan og atburði. Umsjónartímar gætu t.d. markvisst verið notaðir til að ræða um e.h. jákvætt

Hvernig getum við starfsfólkið, hvert og eitt, brugðist við þeim atriðum sem nemendur setja fram í þróunaráætlun og snúa beint að okkur?

Hópur 9:

- Með því að bregðast við og laga það sem við erum sammála um að hægt sé og þörf er á að laga

Hópur 10:

- Við verðum að reyna að vera virkari hlustendur
- Við skiptum okkur af þegar við sjáum einhver ólæti, líka þegar það eru nemendur sem eru ekki í okkar bekk

Hópur 11:

- Við sem starfsfólk verðum að vera skipulagðari/samviskusamari að mæta á réttum tíma í kennslu sem og tryggja sér lausa aðstöðu til kennslu

Hópur 12:

- Hver og einn þarf að endurskoða sína kennsluhætti. Vera t.d. með matsspurningu til nemenda. Taka stikkprufur eftir kennslustund þar sem þau segja frá hvernig kennslustundin gekk

Ígrundun starfsmanna á verkefninu „nemandi við brautskráningu úr Árskóla“

Vinnulag:

Starfsmenn unnu í fimm manna hópum, skoðuðu verkefni nemenda hjá öllum árgöngum á unglingastigi en svöruðu spurningum um einn árgang. Afrakstur verkefna má sjá í viðaukum 4-8.

10. bekkur

Hvernig koma þessir þættir fram í skólastarfinu?

Hópur 1:

- Bæði nemendur og starfsfólk leggja mikið upp úr góðum samskiptum. Þetta á einnig við í skólastarfi Árskóla alla daga. Eins telja báðir mikilvægt að nemendur séu vel undirbúnir að takast á við nám og starf í framtíðinni en um það snýst skólastarfið alla daga. Mikil áhersla er lögð á félagsstarf í skólanum og þá sérstaklega hjá 10. bekk þar sem tillitsemi, samvinna og góð samskiptahæfni er nauðsynleg

Hópur 2:

- Erum alltaf að vinna í samskiptamálum, fá þau til að vera sjálfsstæðari og jákvæðari

Hópur 3:

- Námsárangur, framkoma, vinnubrögð, líðan, félagsfærni/staða, viðhorf

Hópur 4:

- Þau eru með markmið sem tengjast eiginlega öllu skólastarfi, innan og utan skólastofunnar

Hvað getum við gert til að nemendur nái markmiðum sínum?

Hópur 1:

- Við getum hlustað á skoðanir nemenda og tekið tillit til þeirra. Gott væri að nemendur gætu sett fram markmiðin á þann hátt að þeir beri sjálfir ábyrgð á því að framfylgja þeim. Með því er ábyrgðin í þeirra höndum og nemendur meðvitaðri um að framfylgja eigin markmiðum

Hópur 2:

- Láta nemendur setja sér raunhæf markmið í námi, og taka stöðuna hvort þau nái settum markmiðum
- Bera ábyrgð á eigin námi
- Reglulegir bekkjarfundir
- Að nemendur beri virðingu hver fyrir öðrum, starfsfólki og hlutum

Hópur 3:

- Gera raunhæfar kröfur til hvers og eins. Mismunandi námsleiðir í boði. Virkja hæfileika og ýta undir styrkleika. Kenna námstækni og markmiðssetningar. Skapa vettvang til uppbyggilegra skoðanaskipta

Hópur 4:

- Efla sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu

Finnst ykkur samhljómur vera á milli sýnar nemenda og sýnar starfsmanna?

Hópur 1:

- Það kom okkur skemmtilega á óvart hversu mikill samhljómur er á milli starfsfólks og nemenda

Hópur 2:

- Já nokkuð samstíga

Hópur 3:

- Já það er samhljómur hér á milli sem betur fer ☺

Hópur 4:

- Starfsmenn eru með atriði sem tengjast bæði námi og persónuleika. Nemendur leggja meiri áherslu á persónuleika og persónulega færni

9. bekkur

Hvernig koma þessir þættir fram í skólastarfinu?

Hópur 5:

- Kennsla í öllum námsgreinum, lífsleikni, bekkjarfundir, vinaliðaverkefni, leiklistaráhersla, hópavinna, þátttaka í sjálfsmatsvinnu, leiðsagnarmat, greiður aðgangur að öllu starfsfólki, nemendaráð

Hópur 6:

- Samskipti okkar miðast öll að því að auka þekkingu, bæta hegðun, veita öryggi, byggja upp sjálfstraust og leggja grunn að framtíðinni

Hópur 7:

- Grunnþekking, öryggi, sjálfstæði, samvinna og t.d. samskipti. Þessir þættir eru þjálfaðir nokkuð markvisst daglega alla þeirra skólagöngu
- Vel er fylgst með líðan nemenda og brugðist við þegar við á

Hópur 8:

- Flestir nemendur leggja sig fram við námið
- Flestir nemendur sýna góða hegðun og eiga góð samskipti

Hvað getum við gert til að nemendur nái markmiðum sínum?

Hópur 5:

- Að vinna starf okkar af kostgæfni hér eftir sem hingað til

Hópur 6:

- Með viðtölum við einstaklinga og í hópum, bekkjarfundum. Breyta umræðuefnum á bekkjarfundum, nemendur velja „málefni vikunnar“ sem unnið væri með í *Orði af Orði*, þar gæti rödd nemenda heyrst
- Vera meðvituð um stöðu hvers nemanda t.d. með viðtölum
- Þurfum að vita hvaða markmið þarf að vinna með hjá hverjum og einum

Hópur 7:

- Styðja þau og kenna þeim að greina sínar sterku og veiku hliðar og setja sér raunhæf markmið

Hópur 8:

- Vera til staðar, aðstoða og leiðbeina við námið, kenna þeim námstækni
- Efla félagsfærni nemenda með því að leiðbeina þeim í samskiptum

Finnst ykkur samhljómur vera á milli sýnar nemenda og sýnar starfsmanna?

Hópur 5:

- Samhljómur er góður sbr. sjálfstæði og örugg framkoma, góð samskipti (samskiptahæfni það að geta unnið með hverjum sem er). Hafa náð góðum tókum á námsefninu – hafa góðar einkunnir. Hjá starfsfólki vantar mikilvægi góðrar hreyfingar, þ.e. gott líkamlegt ástand

Hópur 6:

- Já okkur finnst vera samhljómur milli sýnar nemenda og starfsfólks. Punktur starfsfólks settir fram í víðara samhengi en punktur nemenda

Hópur 7:

- Mikill samhljómur – Sama sýn!

Hópur 8:

- Samhljómur varðandi námsárangur, grunnþekkingu í fögum, samskiptahæfni, jákvæðni, félagsfærni (að geta unnið með hverjum sem er). Sjálfstæðari einstaklingar með sterka sjálfsmynd. Allt kemur þetta fram hjá báðum en með mismunandi orðalagi. Starfsmenn nefna ábyrga samfélagsvitund og læsi, en nemendur hafa ekki sama orðaforða

8. bekkur

Hvernig koma þessir þættir fram í skólastarfinu?

Hópur 9:

- Í öllu sem viðkemur skólastarfinu alla daga frá morgni til kvölds

Hópur 10:

- Þeir koma flestir fram á hverjum degi í samskiptum okkar við börnin

Hópur 11:

- Í gegnum kennsluna, viðburðadaga og alla aðra samskiptamiðla sem notaðir eru í skólasamfélaginu sem jafnvel tengist út í samfélagið. Lífsleikni almennt

Hópur 12:

- T.d. árshátíðir á öllum stigum, vinaliðaverkefni, samstarf á milli skólastiga en mætti vera meira við framhaldsskólann
- Allir viðburðir í skólanum fela í sér agastjórnun
- Mætti vera miklu meira um útikennslu og vettvangsferðir

Hvað getum við gert til að nemendur nái markmiðum sínum?

Hópur 9:

- Halda áfram góðu starfi, vera þeim innan handar og ítrekað að þau láti vita ef þeim finnst eitthvað vera að

Hópur 10:

- Haldið áfram og jafnframt reynt að temja þeim meiri sjálfsaga og betra viðhorf gagnvart námi og samskiptum

Hópur 11:

- Með góðum aga og skýrum markmiðum að settu marki, hver og einn sýni ábyrgð

Hópur 12:

- Það þarf hver og einn að líta sér nær í kennsluháttum og undirbúningi s.s. naflaskoðun í orðsins fyllstu merkingu

Finnst ykkur samhljómur vera á milli sýnar nemenda og sýnar starfsmanna?

Hópur 9:

- Já, mjög mikill

Hópur 10:

- Já

Hópur 11:

- Já að flestu leyti megum alveg skoða þetta með jafnrétti kynjanna og hvernig tekið er á þeim hlutum

Hópur 12:

- Já mikill samhljómur á sýn nemenda og starfsfólks

Árlegar kannanir

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í

Árskóla eru því lagðar fyrir þrjár árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir.

Kannanir á vegum skólans fara allar fram á rafrænu formi í gegn um könnunarforritið Limesurvey. Þetta er „open source“ hugbúnaður sem er notendum að kostnaðarlausu og hefur tölvuumsjónarmaður skólans Jóhann Friðriksson þýtt hann yfir á íslensku. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu á könnunum á vegum skólans. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>

Árleg foreldrakönnun

Árleg foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk á foreldradegi í nóvember sl. Alls tóku 83% foreldra þátt og gefa niðurstöður almennt til kynna að foreldrar eru jákvæðir um skólastarf í Árskóla. Í könnun sem þessari gefst foreldrum/forsjáraðilum tækifæri til að leggja mat á og tjá sig um skólastarfið, um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Það er mikilvægt fyrir skólastarfið að fá fram viðhorf foreldra með þessum hætti og eru niðurstöður nýttar í þeim tilgangi að bæta skólastarfið en slík umbótavinna fer ávallt fram í gegnum sjálfsmatsaðferðir skólans.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 95% foreldra Árskóla vera ***mjög góðan*** eða ***góðan*** skóla og er það sama svörun og frá fyrra skólaári. Um 83% foreldra segja ***miklar framfarir*** eða ***talsverðar framfarir*** hafa verið í skólastarfinu í heild undanfarin ár og mælist þetta um 4% hærra en í síðustu könnun. Þess má geta að fyrir tveimur árum var sambærileg svörun 67%, það er því ánægjulegt að sjá að foreldrar eru sýnilega að meta og vitna um framfarir í skólastarfi Árskóla. Um 87% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum ***fremur vel*** eða ***mjög vel***, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi, svipaðar niðurstöður og frá fyrra ári. Einnig segja um 91% foreldra að barninu þeirra líði ***alltaf vel*** eða ***oftast vel*** í skólanum. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir gætu mælt með Árskóla við aðra svöruðu 91% þeirra ***mjög sterklega*** eða ***já, frekar***, og er það örlítill hækkun frá fyrra ári. Um 77% foreldra telja náms- og kennsluáðferðir í Árskóla vera ***mjög fjölbreyttar*** eða ***frekar fjölbreyttar*** og 90% foreldra telja að námsþörfum barnsins þeirra sé sinnt ***vel*** eða ***mjög vel***. Allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni telja að barnið þeirra fái að njóta sín í skólanum ***alltaf*** eða ***yfirleitt***. Mikil jákvæðni er í garð núverandi umsjónarkennara barnanna en 97% foreldra segja að viðhorf til umsjónarkennara sé ýmist ***mjög jákvætt*** eða ***fremur jákvætt***.

Það kemur ekki á óvart að ánægja foreldra með húsnaði skólans og skólalóð skuli taka mestum breytingum milli ára í könnuninni þar sem öll starfsemi skólans færðist undir sama þak í fyrsta sinn í upphafi skólaárs. Um 93% foreldra segja húsnaði skólans nú ýmist **í heild mjög gott** eða **í góðu lagi**, til samanburðar svöruðu 31% foreldra á sama veg í fyrra. Skólalóðina segja 78% foreldra nú vera **í heild mjög góða** eða **í góðu lagi** miðað við 12% foreldra í fyrra.

Í könnuninni voru nokkrar spurningar sem beint var til foreldra þeirra barna í 2. bekk sem dvelja í Árvist þegar skóladegi lýkur. Fram kom ánægja með starfseminna þar og jákvætt viðhorf til starfsmanna.

Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar má skoða á heimasíðunni, sjá [hér](#)

Árleg nemendakönnun

Árleg könnun meðal nemenda í 4., 7. og 10. bekk var lögð fyrir í mars. Tveimur spurningum var bætt við könnunina þar sem nemendur voru spurðir um hvernig sameining bekkjardeilda annars vegar og teymiskennsla hins vegar hafi tekist til.

Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að 84% nemenda segja Árskóla vera **mjög góðan** eða **góðan** skóla. 83% nemenda segja að þeim líði **mjög vel** eða **fremur vel** í skólanum og eru það svipaðar niðurstöður og frá fyrra skólaári. Um 87% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt **mjög vel** eða **fremur vel** og hefur sú talað hækkað um 5% frá fyrra skólaári. Varðandi fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum segja 65% nemenda þær vera **mjög fjölbreyttar** eða **frekar fjölbreyttar**. Um 86% nemenda finnst þeir vera í **mjög góðum** eða **fremur góðum** árgangi/bekk og er það 6% hærra frá því könnunin var lögð fyrir síðast fyrir um ári. Um 83% nemenda upplifa öryggi í skólanum **mjög oft** eða **frekar oft**. Um 82% nemenda finnst þeir taka **mjög mikla** eða **frekar mikla** ábyrgð á eigin námi og um 84% þeirra telja að nám þeirra í Árskóla undirbúi þá **mjög vel** eða **frekar vel** undir framtíðina. 88% nemenda segja húsnaði skólans ýmist vera **mjög gott** eða **frekar gott** og 72% þeirra skólalóðina vera **mjög góða** eða **frekar góða**. Um 88% nemenda segja að sameining bekkjardeilda hafi tekist **mjög vel** eða **frekar vel** til og um 72% nemenda í árgöngunum þremur svara á sama hátt varðandi teymiskennsluna.

Heildarniðurstöður úr nemendakönnun má sjá á heimasíðu skólans, sjá [hér](#)

Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok maí. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar er einnig hægt að skoða samanburð einkunnagjafar í einstökum matsþáttum við niðurstöður árlegrar skimunar frá síðustu tveimur skólaárum. Í heild má segja að niðurstöður séu svipaðar og frá síðasta skólaári, þegar spurt er um skólahúsnæðið tekur þó svörunin stórt stökk enda hafa húsnæðisaðstæður gerbreyst. Samkvæmt niðurstöðum þarf að huga sérstaklega að eftirfarandi þáttum á næsta skólaári:

- Auka þátttöku foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna í starfi skólans, niðurstöður skimunar í ár hafa sýnt að við erum á réttri leið en getum eflt þennan þátt enn frekar
- Auka þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna
- Vinna betur með upplýsingar úr námsmati til að stuðla að enn betra skólastarfi
- Gera áætlanir um skipulega safnafræðslu
- Auka hollustugildi fæðuframboðs í mötuneyti
- Skerpa á umhverfissjónarmiðum, auka fræðslu til nemenda og starfsfólks, leggja meiri áherslu á flokkun sorps og fl., skv. skimuninni í ár hefur meðaltalseinkunn þessa þáttar hækkað úr 56% í 73% en betur má ef duga skal

Fagmennska starfsfólks í Árskóla, þróunarverkefni

Þróunarverkefni um *fagmennsku starfsfólks* í Árskóla var fram haldið á skólaárinu. Þetta er fimmta skólaárið í röð sem vinna í þróunarverkefninu stendur yfir. Nýtt fimm manna teymi var sett á laggirnar í nóvember sem hélt utan um fagmennskuverkefnið ásamt sjálfsmatsvinnu starfsfólks og nemenda. Í teyminu áttu sæti deildarstjóri unglingastígs, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsfólks, náms- og starfsráðgjafi og kennsluráðgjafi sem veitti teyminu forstöðu.

Á skólaárinu var aðalmarkmiðið að efla fagmennsku og starfsþróun starfsfólks Árskóla í nýju náms- og kennsluumhverfi þar sem skólaumhverfið hefur tekið stakkaskiptum og nýir möguleikar opnast til samvinnu og samvirkni starfsfólks. Jafnframt var áhersla lögð á að innleiða þætti í Aðalnámskrá og nýta til þeirrar vinnu sjálfsmatsaðferðir skólans, Gæðagreina.

Mótuð var sýn til lengri tíma en þessa skólaárs um verkefnið þar sem markmiðin voru sett eftirfarandi:

- *Að efla fagmennsku og starfsþróun starfsfólks Árskóla í nýju náms- og kennsluumhverfi*
- *Að innleiða nýja Aðalnámskrá grunnskóla í skrefum og hafa um leið skólanámskrá Árskóla til hliðsjónar*
- *Að vinna með ný hugtök og nýja áhersluþætti í Aðalnámskrá svo hún verði í raun samofin öllu skólastarfi í Árskóla*
- *Að allir starfsmenn taki þátt í innleiðingu, breytilegt eftir viðfangsefnum og störfum*
- *Að efla teymiskennslu*
- *Að viðhalda og efla sjálfsmat skólans*
- *Að nýta sem fyrr þann mannauð sem Árskóli býr yfir með jafningjafræðslu og félagastuðningi*

Unnið var að innleiðingu lykilhæfniþátta í Aðalnámskrá. Markmiðið með þeirri vinnu var að allir starfsmenn myndu kynna sér hæfniviðmið lykilhæfniþátta á því aldursstigi sem þeir vinna mest á og skapa sameiginlegan skilning á þeim meðal starfsfólks. Verkefnið var unnið á þann hátt að hæfniviðmið lykilhæfniþátta fyrir hvert aldursstig voru settir upp á gæðagreinaform. Starfsfólk vann að því í hópum að meta og gera umbótaáætlanir um hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar sem nemendur geta blómstrað bæði náms- og félagslega m.t.t. hæfniviðmiða á hverju aldursstigi í lykilhæfniþáttum**. Matsskýrslur og þróunaráætlanir úr þessari vinnu eru birtar hér í sjálfsmatsskýrslu.

Vinnusmiðjur voru haldnar á starfsdegi 13. febrúar þar sem starfsfólk gat valið sér tvö viðfangsefni. Átta vinnustofur voru keyrðar í tvígang og úr ýmsu að velja. Starfsfólk skólans sá um allar vinnusmiðjurnar og þannig lögð áhersla á að nýta mannauðinn í skólanum til jafningjafræðslu. Þær vinnusmiðjur sem í boði voru að þessu sinni voru eftirfarandi:

- Ipad í kennslu
- Bókmenntir, íslenskukennsla á unglingsstigi
- Stærðfræði, líðan og námsgengi nemenda með stærðfræðiörðugleika – kynning á mastersverkefni
- Bekkjarfundir
- Moodle
- Nýtt skólasafn – notkunarmöguleikar
- Stuðningsfulltrúanám – helstu áherslur
- Nemendalýðræði

Handleiðslutæknin sem þjálfuð hefur verið hjá starfsfólki skólans undanfarin var nýtt til að ígrundurnar á skólastarfinu en aðferðin byggir á samtölum þar sem svokallað GROW model er notað. Kennarar og stuðningsfulltrúar áttu handleiðslusamtöl um *teymiskennslu*. Aðrir starfsmenn um *starfið í nýjum aðstæðum*. Ekki gafst tími til að félagastuðningsheimsóknna á yfirstandandi skólaári.

Allir starfsmenn skólans unnu að verkefni þar sem mótuð var sameiginleg sýn um hvaða þáttum við viljum að nemendur okkar búi yfir og hafa tileinkað sér við lok skólagöngu sinnar úr Árskóla. Verkefnið var unnið á þann hátt að varpað var fram eftirfarandi lykilsprungu:

Hvað er það mikilvægasta sem þið viljið að nemendur okkar búi yfir og hafi tileinkað sér við brautskráningu úr Árskóla?

Hver og einn ígrundaði spurninguna og átti að skrá niður hjá sér þrjú mikilvægustu atriðin. Því næst áttu tveir starfsmenn að kynna fyrir hvor öðrum sín atriði og velja svo sameiginlega úr þeim þrjú atriði. Þannig gekk verkefnið fyrir sig þar til 8 starfsmenn voru samankomnir sem völdu þrjú mikilvægustu atriðin. Í lokin voru atriðin öll tekin saman og birt. Þannig varð til sameiginleg sýn starfsfólk á nemanda við útskrift úr Árskóla. Afraksturinn má sjá í viðauka IV.

Sambærilegt verkefni var lagt fyrir nemendur á unglingsstigi. Nemendur í hverjum árgangi fyrir sig unnu að verkefninu og sköpuðu þannig sameiginlega sýn um hvaða þáttum þeir vilja búa yfir og hafa náð að tileinka sér við brautskráningu úr Árskóla. Afrakstur sýnar nemenda úr 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk má sjá í viðaukum V – VII.

Á starfsmannafundi í lok skólaársins var unnið með sýn nemenda úr ofangreindu verkefni svo og með mats- og umbótaskýrslur sömu árganga á skólastarfinu. Starfsmenn fengu í hendur niðurstöður verkefnisins og skýrslur frá nemendum og svöruðu í hópum lykilsprungum um verkefnin. Þannig hafa allir starfsmenn kynnt sér vinnu nemenda og sett fram áætlanir um hvernig bregðast megi við rödd nemenda. Umfjöllun um ígrundun starfsmanna á vinnu nemenda má lesa um í sér kafla í þessari skýrslu.

Kynningar á Gæðagreinum

Áfram höfum við haldið að aðstoða aðra skóla við mat á skólastarfi eftir aðferðum Gæðagreina. Í janúar sl. bættist við nýr skóli, Grunnskóli Hornafjarðar. Deildarstjóri yngsta stigs og

kennsluráðgjafi héldu námskeið um miðjan janúar austur á Höfn fyrir starfsfólk skólans um sjálfsmatsaðferðir skv. Gæðagreinum. Í framhaldi af því hefur aðstoð verið veitt eftir því sem óskað hefur verið eftir.

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf á næsta skólaári eru margvísleg og taka mið af því að skólastarf fer nú allt fram undir einu þaki á sama stað. Það auðveldar allt skipulag og utanumhald.

Á næsta skólaári verður vinnu í þróunarverkefninu, *Fagmennska starfsfólks í Árskóla*, fram haldið. Stefnt er að því að félagastuðningsheimsóknir og handleiðslusamtöl fái meira vægi til starfsþróunar hvers og eins á skólaárinu og verði reglubundinn þáttur í skólastarfinu. Gert er ráð fyrir því að starfsfólki verði gefinn kostur á að kynna sér fjölbreytta starfshætti á vettvangi skólans og læra af samstarfsfólki á mismunandi starfssviðum. Handleiðslutækni GROW verður áfram notuð til starfsþróunar.

Þróunarverkefninu um *Byrjendalæsi* verður fram haldið næsta skólaár á yngsta stigi í Árskóla skv. sérstakri áætlun þar um. Þetta verður fimmta árið sem þróunarverkefnið verður í gangi í samstarfi við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Verkefnið snýr að því að innleiða ný vinnubrögð og nýja kennsluhætti í lestri, ritun, tali og hlustun hjá nemendum á yngsta stigi. Jafnframt verður verkefninu *Orð af Orði* á mið- og unglingastigi fram haldið á næsta skólaári.

Vinaliðaverkefnið, sem Árskóli innleiddi haustið 2012, verður fram haldið og elft. Allir nemendur skólans eiga kost á að taka þátt í því verkefni. Vinaliðaverkefnið er fyrst og fremst forvarnarverkefni sem hefur það yfirmarkmið að nemendur hlakki til þess að koma í skólann sinn á hverjum degi. Ákveðinn fjöldi nemenda er valinn til þess að verða vinaliðar og meginhlutverk vinaliða gengur út á það að skipuleggja leiki í frímínútum og drífa alla krakka með í leikina.

Gert er ráð fyrir nýju þróunarverkefni í upphafi næsta skólaárs þar sem áhersla verður lögð á að innleiða öflugt tækniþróunarstarf með Ipad í almennt skólastarf. Góður styrkur hefur fengist til að hrinda því verkefni í framkvæmd.

Sótt var um styrk til Erasmus+ áætlunarinnar vegna verkefnisins „skóli sem lærir“. Nú í júníbyrjun barst jákvætt svar um styrkveitingu til skólans þar sem rökstuðningur með svarinu var m.a. eftirfarandi:

Umsókn með vel skipulögðum námsferðum sem taka til starfsfólks frá öllum skólastigum. Markmið ferðanna eru í góðu samræmi við stefnu skólans og Erasmus+ áætlunina. Verkefnið ætti að leiða til bættra kennsluaðferða, nýjunga í skólastarfi og tækifæra á alþjóðasamstarfi.

Áætlun um sjálfmat 2014-2017

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir fastar kannanir og skýrslur sem ráðgert er að vinna að í Árskóla næstu misseri.

Skólaár	2014-2015	2015 - 2016	2016 - 2017
Haustönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Lykilþáttur 4 ➤ Lykilþáttur 10, uppfærsla ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Þátttaka nemenda á miðstigi í mati á skólastarfinu 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Lykilþættir 7 og 8 ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Þátttaka nemenda á miðstigi í mati á skólastarfinu 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Lykilþættir 2 og 6 ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Þátttaka nemenda á miðstigi í mati á skólastarfinu
Miðönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Lykilþáttur 5, gg 5.2 – 5.6 og 5.8 - 5.9 ➤ Þátttaka nemenda á unglíngastigi í mati á skólastarfi ➤ Olweusarkönnun 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Lykilþættir 1 og 3 ➤ Lykilþáttur 12, fagmennska ➤ Olweusarkönnun ➤ Þátttaka nemenda á unglíngastigi í mati á skólastarfi 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Lykilþáttur 5 ➤ Olweusarkönnun ➤ Þátttaka nemenda á unglíngastigi í mati á skólastarfi
Vorönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Lykilþáttur 11, viðburðadagar ➤ Lykilþáttur 13, mötuneyti ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Þátttaka nemenda á yngsta stigi í mati á skólastarfinu 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Lykilþáttur 9 ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Þátttaka nemenda á yngsta stigi í mati á skólastarfinu 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Lykilþáttur 5 ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Þátttaka nemenda á yngsta stigi í mati á skólastarfinu
Júní	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Sjálfsmatsskýrsla ➤ Ársskýrsla Árskóla 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Sjálfsmatsskýrsla ➤ Ársskýrsla Árskóla 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Sjálfsmatsskýrsla ➤ Ársskýrsla Árskóla

Niðurstöður úr könnunum eru birtar á heimasíðu skólans svo og ársskýrsla og sjálfsmatskýrsla sjá [hér](#).

Samantekt og helstu niðurstöður

Innra mat á skólastarfinu í Árskóla fer fram með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í mati og gerð umbótaáætlana og fylgir þeim eftir því sem við á. Starfsfólk skólans þróar einnig nýja gæðagreina eða ný viðmið um gæði í skólastarfinu, eftir því sem ástæða þykir til. Sú vinna fer m.a. fram samhliða mati á skólastarfinu þar sem starfsfólk gerir tillögur um breytingar á viðmiðum um gæði í einstökum þáttum skólastarfsins. Sameinað sjálfsmats- og fagmennskuteymi var sett á laggirnar í nóvember. Teymið hélt utan um skipulag og framkvæmd sjálfsmats á skólaárinu jafnhliða því að gera áætlanir um starfsþróun. Teymið fundaði reglulega m.a. um niðurstöður matsþátta og hafði umsjón með að umbótaáætlunum væri fylgt eftir.

Þeir matsþættir sem lágu fyrir til mats á skólaárinu hjá starfsfólki sneru að nokkrum lykilþáttum skólastarfsins. Lykilþáttur 2 um *áhrif á nemendur* var lagður fyrir til mats en gæðagreinar þar fjalla um *námsreynslu nemenda* og um *árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi*. Lykilþáttur 5 um *menntun* var einnig á áætlun þetta skólaár. Það var þó ákveðið að leggja einungis tvo gæðagreina úr þeim lykilþætti fyrir til mats þ.e. um *skólanámskrána* og um *samstarf við nemendur og foreldra*. Ástæðan var sú að ákveðið var að leggja áherslu á innleiðingu Aðalnámskrár og voru lykilhæfnipættir í brennidepli að þessu sinni. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfnipætti í lok hvers aldurstig voru settir á gæðagreinaform og þeir lagðir fyrir til mats og umbóta. Aðrir gæðagreinar úr lykilþætti 5 voru settir á matsáætlun á næsta skólaári í staðinn. Lykilþáttur 6 um *stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu* var einnig lagður fyrir til mats.

Allir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar unnu að mati á gæðagreini um *námsreynslu nemenda*. Einnig unnu nemendur í sameiningu að verkefni um það hvaða hæfni þeir vilja hafa nán og tileinkað sér við lok grunnskólagöngu. Verkefnið var unnið í öllum árgöngum á unglíngastiginu en einnig vann starfsfólk skólans að sambærilegu verkefni. Nemendamatið gekk afar vel og hefur sjálfsmatsteymið sett fram tillögur um að allir árgangar komi að nemendamati með sambærilegum hætti á næsta skólaári þar sem matsverkefni verði aðlöguð að aldri nemenda.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun. Að þessu sinni komu þeir ekki að mati með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Stefnt er að því að koma þeim vinnubrögðum að á næsta skólaári og festa í sessi.

Hér á eftir má sjá stutta samantekt á þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu skv. þriggja ára áætlun um innra mat skólastarfs í Árskóla. Einnig má hér sjá samantekt mats og umbóta vegna lykilhæfnipátta í Aðalnámskrá. Hér verða dregin fram viðfangsefni mats í hverjum gæðagreini fyrir sig, niðurstöður þess og helstu leiðir til umbóta sem lagðar voru fram.

Gæðagreinir 2.1 námsreynsla nemenda, mat starfsfólks

Gæðagreinirinn metur gæði námsreynslu nemenda, hvernig þeir eru virkjaðir til þátttöku í námi sínu og þroska.

Tveir fimm manna hópar starfsfólks unnu að mati á gæðagreininum og matsniðurstaða úr báðum hópunum var einkunnin 4 eða *gott*.

Leiðir til úrbóta voru settar fram og sneru að því að auðga námsreynslu nemenda t.d. með því finna leiðir til að virkja betur áhuga þeirra og virkni, auka virðingu þeirra fyrir verðmætum og efla sjálfstraust þeirra. Þetta verður m.a. gert með því að leggja enn meiri áherslu á þátttöku þeirra í mati á skólastarfinu.

Gæðagreinir 2.1 námsreynsla nemenda, mat nemenda í 8. – 10. bekk

Gæðagreinirinn metur gæði námsreynslu nemenda, hvernig þeir eru virkjaðir til þátttöku í námi sínu og þroska.

Tíu hópar nemenda í 8. bekk tóku þátt í mati á þessum gæðagreini og voru matsniðurstöður á þá leið að sjö hópar gáfu einkunnina 4, *gott*, einn hópur gaf einkunnina 3, *nægilegt*, annar hópur einkunnina 2 eða *slakt* og sá þriðji einkunnina 5 eða *mjög gott* skv. einkunnaskala Gæðagreina. Fimm matshópar í 9. bekk gáfu einkunnina 4 eða *gott* og hinir fimm matshóparnir einkunnina 3 eða *nægilegt*. Niðurstöður 8 matshópa í 10. bekk voru á þá leið að fimm hópar gáfu einkunnina 4, *gott* en þrjú hópar gáfu einkunnina 5, *mjög gott*.

Nemendur settu fram margar leiðir til úrbóta, t.d. að settur verði upp hugmyndakassi þar sem nemendur geta komið góðum hugmyndum á framfæri. Þeir sögðu að kennarar þyrftu að veita meiri leiðsögn um námið. Markmið með umbótunum voru m.a. þau að skólalífið yrði betra, nemendur fengju fleiri tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri, að námsárangur

stráka yrði bættur og að komið yrði í veg fyrir slagsmál. Einnig töldu nemendur að þörf væri á að hafa meiri fjölbreytni í náminu og að gæta þyrfti jafnréttis. Aðrar leiðir til úrbóta sneru einkum að því að bæta samskipti á milli bekkja á unglingsstigi, bæta þátttöku og ábyrgð nemenda og að hlustað sé á hugmyndir nemenda. Einnig vilja þeir aukna fjölbreytni í náminu og fá meiri leiðbeiningar um námið. Nemendur vilja einnig bæta samskipti sín á milli s.s. að vera hjálpsamari, jákvæðari, koma betur fram hver við annan og hlusta betur á hugmyndir annarra. Leiðbeiningar frá kennurum þyrftu að vera skýrari og þannig yrði meira samræmi á milli kennara varðandi útskýringar um námið. Nemendur vilja einnig fá að vita meira í upphafi skólaárs um markmið og leiðir í náminu í heild yfir skólaárið. Þeir vilja einnig virkja nemendahópinn til að segja meira frá því hvernig þeim líður í skólanum, segja skoðanir sínar og hafa aukin áhrif á skólastarfið.

Gæðagreinir 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

Gæðagreinirinn fjallar um að hvaða marki foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru virkir þátttakendur í starfi skólans.

Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini, annar þeirra gaf einkunnina 6 eða *framúrskarandi* og hinn gaf einkunnina 5 eða *mjög gott*.

Leiðir til úrbóta voru einkum þær að leita leiða til að fá foreldra/forsjáraðila oftari í heimsókn í skólann. Það mætti t.d. gera með því að skipuleggja verkefni með þátttöku foreldra, auka fræðslufundi en einnig að hvetja foreldra almennt til að koma í skólann án sérstakrar dagskrár. Einnig þarf að virkja foreldra enn betur til að nota Mentor til að fylgjast með og fá upplýsingar um skólastarfið.

Gæðagreinir 5.1 Skólanámskrá

Gæðagreinirinn fjallar um gæði skólanámskrárinnar á öllum stigum skólans, þróunar skólastarfsins og sveigjanleika í námskránni til þess að mæta þörfum allra nemenda.

Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini og gáfu þeir báðir heildareinkunnina 5 eða *mjög gott* sem telst vera afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Leiðir til úrbóta voru þær að koma upp færðum og endurskoðuðum náms- og kennsluáætlunum á heimasíðu skólans en einnig að þróa þær enn frekar svo skýrari sýn verði á samfellu og framvindu náms. Einnig þarf að mæta betur þörfum nemenda skv. námsárangri þeirra í hverju fagi.

Gæðagreinir 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

Gæðagreinirinn tekur á samráði, samskiptum og samræðum við nemendur og foreldra um námið og skólastarfið almennt. Einnig á því hvernig skólinn stuðlar að þátttöku foreldra í námi barna og leiðum skólans til að fá fram skoðanir foreldra og hvernig við þeim er brugðist.

Tveir matshópar unnu með þennan gæðagreini og gáfu báðir matshópar einkunnina 5 eða *mjög gott*.

Tillögur að leiðum til úrbóta voru settar fram, t.d. að halda fund með starfsfólki þar sem færi fram hugmyndavinna til að virkja foreldra betur inn í skólastarfið. Túlkaþjónusta þarf að vera í boði þegar hennar er þörf, samstarf við Alþjóðahús ef ekki er til túlkur á svæðinu.

Gæðagreinir 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna

Gæðagreinirinn tekur á stefnumörkun skólastarfsins þannig að skólastefnan sé hnitmiðuð og skýr og sé skólanum leiðarvísir í starfi og viðleitni til umbóta.

Einn matshópur með fimm starfsmönnum vann með þennan gæðagreini og gaf heildareinkunnina 5 eða *mjög gott*.

Markmið með umbótum var að auka aðkomu foreldra að þróunarstarfi skólans þar sem vinna með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum, væri útgangspunkturinn.

Gæðagreinir 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Gæðagreinirinn tekur á virkri þátttöku hagsmunaaðila í stefnumótun og áætlanagerð um skólastarfið, hér er átt við starfsfólk, nemendur, foreldra, samfélagið og samstarfsstofnanir.

Einn matshópur gaf heildareinkunina 5 eða *mjög gott* í þessum gæðagreini.

Mat hópsins var að þessi þáttur skólastarfssins sé í góðum farvegi og mikilvægt að stuðla að því að svo verði áfram.

Gæðagreinir 6.3 Þróunaráætlanir

Þessi gæðagreinir tekur m.a. á mótun, framkvæmd, forgangsröðun og mati á þróunaráætlunum.

Einn matshópur vann með þennan gæðagreini og gaf einkunnina 4 eða *gott*.

Leiðir og markmið til umbóta voru að bæta almennt gerð og framkvæmd þróunaráætlana með því að gera þær sýnilegri hagsmunaaðilum skólans.

Lykilhæfnipættir úr Aðalnámskrá

Lykilhæfnipættir í Aðalnámskrá voru settir fram á gæðagreinaform og allir starfsmenn skólans unnu að mati á því hvort *við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar*

sem nemendur geta blómstrað bæði náms- og félagslega m.t.t. hæfniviðmiða á hverju aldurstigi í lykilhæfnipáttunum fimm í Aðalnámskrá. Hér á eftir eru dregnar fram heildareinkunnir matshópa í hverjum þætti fyrir sig, stigskipt, svo og leiðir að úrbótum þar sem við á. Hægt er að skoða sýnishorn af uppsetningu á gæðagreiðni um mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni í viðauka VIII. Áætlað er að allir lykilhæfnipáttirnir verði birtir á gæðagreinaformi á heimasíðu skólans í upphafi næsta skólaárs.

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Tjáning og miðlun

Fjórir matshópar starfsmanna á yngsta stigi unnu með þennan lykilhæfnipátt. Þrír matshópar gáfu einkunnina 5 eða *mjög gott* og einn matshópur gaf einkunnina 4 eða *gott*.

Leiðir að úrbótum voru þær að skapa nemendum fleiri tækifæri til að færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra og að gæta þess að allir nemendur fái jöfn tækifæri.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Fjórir matshópar starfsmanna unnu með þennan þátt. Tveir hópar gáfu heildareinkunnina 4 eða *gott*, einn hópurinn gaf einkunnina 3 eða *nægilegt* og einn hópur einkunnina 5 eða *mjög gott*.

Leiðir að úrbótum voru þær m.a að auka val nemenda um úrlausn verkefna, aðstoða nemendur við að skilgreina viðmið um árangur og halda áfram góðu og uppbyggilegu starfi.

Sjálfstæði og samvinna

Fjórir matshópar unnu með þennan lykilhæfnipátt. Samdóma álit allra hópa var að gefa heildareinkunnina 5 eða *mjög gott* í þessum þætti.

Tekið var fram að viðhalda þyrfti fjölbreyttum kennsluháttum og hópavinnu þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín en jafnframt að skapa nemendum það umhverfi að þeir taki meiri ábyrgð á eigin verkefnum. Ennfremur að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í að skapa nemendum aðstæður til að taka jákvæðan þátt í leik og starfi í skólanum s.s. í Vinaliðaverkefninu.

Nýting miðla og upplýsinga

Fjórir matshópar unnu með þennan þátt lykilhæfninnar. Þrír þeirra gáfu heildareinkunnina 4 eða *gott* og einn hópur gaf einkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta voru settar fram um að ítarleg fræðsla þyrfti að fara fram bæði til starfsfólks og nemenda um tækni- og netnokun. Einnig að þróa kennsluhætti þar sem nemendum er kennt

að nota miðla á sjálfstæðan hátt. Stefnt er að þróunarverkefni um IPad innleiðingu á næsta skólaári.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Fjórir matshópar unnu einnig með þennan þátt. Tveir matshópar gáfu heildareinkunnina 5 eða *mjög gott* og hinir tveir matshóparnir einkunnina 4 eða *gott*.

Leiðir til úrbóta voru m.a. þær að auka svigrúm umsjónarkennara til að aðstoða nemendur við markmiðssetningu. Þetta mætti gera t.d. með gátlistum þar sem nemendur fá tækifæri til að skipuleggja nám sitt með hliðsjón af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Einnig að auka mat nemenda á eigin verkum.

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Tjáning og miðlun

Fjórir matshópar starfsmanna á miðstigi unnu með þennan lykilhæfniþátt. Heildareinkunn allra hópa var einkunnin 5 eða *mjög gott*.

Leiðir til úrbóta voru settar fram að auka vægi rökhugsunar og að kenna nemendum að orðum fylgir ábyrgð.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Fjórir matshópar ígrunduðu þennan matsþátt. Einn hópur gaf heildareinkunnina 5 eða *mjög gott*, tveir hópar gáfu heildareinkunnina 4 eða *gott* og einn hópur gaf einkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta voru helstar þær að auka ábyrgð nemenda á eigin námi með aukinni námstækni allt frá byrjun skólagöngu og að auka þátt sjálfsmats og jafningjamats meðal nemenda. Einnig að skólasamfélagið þrói í sameiningu samræmt agastjórnunartæki. Jafnframt að vinna markvisst að því að kenna nemendum að setja sér markmið og áætlun í náminu.

Sjálfstæði og samvinna

Fjórir matshópar unnu með þennan lykilhæfniþátt. Allir hópar gáfu einkunnina 5 eða *mjög gott*.

Leiðir til úrbóta voru þær að skerpa á samfellu og heildarsýn vegna samvinnuverkefna og gera ráð fyrir þeim í skipulagi skóladagatala.

Nýting miðla og upplýsinga

Fjórir matshópar skoðuðu þennan þátt. Þrír þeirra gáfu heildareinkunnina 4 eða *gott* og einn hópur gaf einkunnina 5 eða *mjög gott*.

Í leiðum að úrbótum kom fram að starfsfólk þyrfti að nýta sér tövlubúnað betur. Einnig þyrfti að bæta tækjakost í kennslustofum og gera sambandið við Kerfisveituna skilvirkara. Til að draga úr tæknilegum vandamálum væri ein leiðin að hafa virkan þráðlausan netaðgang alls staðar í skólahúsnæðinu.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Fjórir matshópur unnu með þennan lykilhæfniþátt. Þrír matshópar gáfu einkunnina 4 eða *gott* og einn hópur gaf einkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta voru settar hér fram á þann hátt að hæfniviðmið Aðalnámskrár þurfi að vera nemendum sýnilegri og þeim kennt að setja sér raunhæf markmið. Markmiðssetningu í námi bæði til styttri og lengri tíma þarf að kenna allt frá upphafi skólagöngu. Kennarar þurfa einnig að setja fram skýrari markmið með kennslunni svo nemendur geti byggt upp nýja þekkingu stig af stigi.

Mat á hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Tjáning og miðlun

Fjórir matshópar starfsmanna á unglíngastigi unnu með þennan lykilhæfniþátt. Tveir hópar gáfu heildareinkunnina 5 eða *mjög gott* og tveir hópar einkunnina 4 eða *gott*.

Leiðir til úrbóta voru lagðar fram með þeim hætti að bæta þyrfti orðaforða nemenda, það væri best gert með þróunarverkefninu *Orð af orði* sem verið hefur eitt af þróunarverkefnum skólaársins. Einnig komu fram þær tillögur að stofna málfundafélag þar sem nemendur læri fundarsköp og auka rökræður í kennslu.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Fjórir matshópar voru hér að störfum. Einn hópur gaf matseinkunnina 5 eða *mjög gott*, annar gaf einkunna 4 eða *gott* og tveir hópar gáfu einkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta voru þær að gefa nemendum aukin tækifæri til áætlanagerðar til að ná settuði...m markmiðum. Einnig að kennarar skipuleggi þverfagleg verkefni þar sem nemendur geti haft áhrif á framvindu og lokaafurð verkefna. Einnig var áréttað að skapandi kennsla krefst mikillar einstaklingsmiðunar.

Sjálfstæði og samvinna

Fjórir matshópar unnu með þennan lykilhæfniþátt. Einn hópur gaf heildareinkunnina 5 eða *mjög gott* en hinir þrír hóparnir einkunnina 4 eða *gott*.

Leiðir til úrbóta voru einkum þær að kennarar iðki þverfagleg vinnubrögð og skapi nemendum þannig tækifæri í námsumhverfinu til að efla frumkvæði, virkni, ábyrgð og að byggja upp sterka sjálfsmynd þeirra. Einnig að auka hópavinnu innan námsgreina, þjálfa nemendur í fundarsköpum og rökræðum og kenna þeim jákvæða og uppbyggilega gagnrýni.

Nýting miðla og upplýsinga

Fjórir matshópar starfsfólks á unglíngastigi ígrunduðu þennan þátt. Einn matshópur gaf einkunnina 5 eða *mjög gott*, tveir hópar gáfu einkunnina 4 eða *gott* og einn hópur gaf einkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta felast einkum í því að auka fræðslu til kennara svo þeir verði betur í stakk búnir til að kenna nemendum að nýta tæknibúnaðinn markvisst í námi. Auka tækjakost skólans s.s. að Ipadvæða skólann og að kennarar setji fram í náms- og kennsluáætlanir hvernig þeir hyggist nota fjölbreytta miðla í kennslu og fylgi þeim eftir.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Fjórir matshópar unnu með þennan þátt. Tveir matshópar gáfu heildareinkunnina 4 eða *gott* og tveir gáfu heildareinkunnina 3 eða *nægilegt*.

Leiðir til úrbóta felast í því að kynna nemendum hæfniviðmið Aðalnámskrár og bæta verklag við gerð náms- og kennsluáætlana. Einnig að setja skýr og sýnileg námsmarkmið í hverri grein, aðstoða nemendur við áætlanir um framvindu náms og gæta þess að hver og einn fái endurgjöf reglulega frá kennurum.

Viðaukar

Viðauki I Árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2014

Viðauki II Einkunnaskali Gæðagreina 2

Viðauki III gg 2.1 einfölduð útgáfa

Viðauki IV sýn starfsmanna á nemanda við lok skólagöngu

Viðauki V sýn nemenda 8. bekkjar á nemanda við lok skólagöngu

Viðauki VI sýn nemenda 9. bekkjar á nemanda við lok skólagöngu

Viðauki VII sýn nemenda 10. bekkjar á nemanda við lok skólagöngu

Viðauki VIII sýnishorn af gæðagreini um hæfniviðmið lykilhæfni í Aðalnámskrá

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2014

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks, maí 2014

	1 Óútlitnægjandi	2 Slakt	3 Nægilegt	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Stöðun	Medalstærð	% m eink 4-6 2014	% m eink 4-6 2013	% m eink 4-6 2012
Hver eru gæði námsárangurs nemenda að þínu mati?	0	0	7	42	16	0	65	4,14	89%	88%	92%
Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti?	0	1	5	20	35	4	65	4,55	91%	93%	96%
Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska?	0	1	5	30	26	3	65	4,38	91%	89%	86%
Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans?	1	6	11	39	14	0	71	3,83	75%	63%	71%
Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans?	0	0	3	17	45	5	70	4,74	96%	95%	97%
Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu?	0	2	11	32	23	2	70	4,17	81%	86%	80%
Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild?	0	0	4	27	34	4	69	4,55	94%	98%	92%
Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskránnar?	0	2	4	25	32	0	63	4,38	90%	95%	96%
Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáferðum?	1	1	7	30	25	1	65	4,23	86%	85%	80%
Á hvaða hátt finnst þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda?	1	3	8	28	25	0	65	4,12	82%	85%	86%
Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttað?	0	1	5	26	26	1	59	4,36	90%	96%	87%
Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga?	0	3	11	27	11	3	55	4,00	75%	76%	79%
Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsáðferðir sem notaðar eru í skólanum?	0	3	3	28	23	2	59	4,31	90%	91%	94%
Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi?	0	7	8	26	16	0	57	3,89	74%	74%	80%
Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri?	1	2	9	27	21	4	64	4,20	81%	92%	96%
Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda?	0	0	1	20	42	8	71	4,80	99%	98%	93%
Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og sanngírni í skólastarfinu?	0	2	5	22	35	5	69	4,52	90%	93%	91%
Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans?	0	5	18	33	10	0	66	3,73	65%	74%	75%
Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna?	0	1	5	25	35	4	70	4,51	91%	95%	88%
Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir?	1	1	2	17	39	9	69	4,72	94%	92%	91%
Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat?	0	0	5	21	31	8	65	4,65	92%	92%	94%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólaste fnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn?	0	1	5	25	25	2	58	4,38	90%	93%	83%
Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu?	0	3	8	38	15	1	65	4,05	83%	83%	77%
Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætla, framkvæmd þeirra og eftirfylgni?	1	1	8	30	18	2	60	4,15	83%	87%	89%
Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans?	0	0	3	19	44	3	69	4,68	96%	94%	100%
Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju?	0	2	8	22	30	4	66	4,39	85%	89%	87%
Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans?	1	0	9	28	29	3	70	4,33	86%	89%	88%
Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila?	1	0	10	29	22	1	63	4,17	83%	88%	89%
Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar?	1	4	6	15	28	11	65	4,51	83%	88%	91%
Hvernig metur þú gæði þverfaglegar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðijónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórnir)?	0	0	6	32	19	0	57	4,23	89%	87%	87%
Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans?	0	2	4	12	30	4	52	4,58	88%	94%	87%
Á hvaða hátt finnst þér húsnaði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi?	0	0	6	23	38	4	71	4,56	92%	47%	49%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda?	0	3	6	28	22	0	59	4,17	85%	85%	84%
Hvernig metur þú samhlóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans?	0	1	4	34	22	2	63	4,32	92%	89%	86%
Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri?	0	1	1	31	22	3	58	4,43	97%	93%	93%
Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda?	1	2	5	31	19	1	59	4,15	86%	87%	93%
Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi?	0	2	8	21	19	4	54	4,28	81%	92%	87%
Hvernig metur þú undirbúning, skipulag og framkvæmd vettvangsferða á vegum skólans í héraðinu?	0	0	5	20	33	3	61	4,56	92%	86%	93%
Hvernig metur þú á staðbundna heimbýggðarfræðslu þar sem sögu, menningu og þróun atvinnulífs í héraðinu eru gerð skil allt frá landnámsöld til okkar daga?	2	9	14	25	5	0	55	3,40	55%	69%	50%
Hvaða mat leggur þú á undirbúning, skipulag og framkvæmd safnafræðslu í skólanum?	2	12	8	20	7	3	52	3,52	58%	59%	62%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkja?	0	0	2	13	31	22	68	5,07	97%	98%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd friðargöngu?	0	1	2	10	34	21	68	5,06	96%	98%	96%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þorrablóts?	0	1	3	28	31	6	69	4,55	94%	84%	83%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttadags?	0	1	1	19	36	10	67	4,79	97%	95%	90%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkja?	0	0	2	12	31	9	54	4,87	96%	100%	94%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólasíla?	0	1	4	8	31	24	68	5,07	93%	98%	94%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þemadaga?	1	0	7	30	27	3	68	4,34	88%	86%	91%
Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda?	1	0	1	23	29	14	68	4,78	97%	95%	96%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	2	4	18	41	1	66	4,53	91%	92%	91%
Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s. frv.)?	1	0	5	25	26	0	57	4,32	89%	89%	95%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjórnarmíða?	0	1	6	14	39	6	66	4,65	89%	33%	34%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	1	6	16	21	21	0	65	3,85	65%	53%	75%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	1	2	15	23	23	2	66	4,08	73%	56%	71%
Hvernig líður þér á vinnustaði?	1	1	5	18	32	12	69	4,67	90%	91%	99%
Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	0	0	8	27	24	59	5,27	100%	0%	0%

Viðauki II, einkunnaskali Gæðagreina 2

Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísi. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

Viðauki III, gg. 2.1 einfölduð útgáfa


Matsþættir gg 2.1, námsreynsla nemenda, einfölduð útgáfa

Gæðagreinir 2.1 Námsreynsla nemenda	Lykilþáttur 2
--	---------------


Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

		1	2	3	4	5	6
A	Við erum áhugasöm í náminu						
B	Við tökum framförum í námi og þroska						
C	Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum um námið						
D	Við erum ábyrgir nemendur og tökum virkan þátt í skólastarfinu						
E	Komið er fram við okkur af sanngirni og virðingu í skólanum okkar						
F	Við segjum frá því þegar við erum ánægð í skólanum						
G	Við höfum áhrif á skólastarfið						
H	Við höfum góð tækifæri til að koma fram með skoðanir okkar						
I	Við erum örugg í skólanum						
J	Við erum hjálpsöm við aðra						


Viðauki IV, sýn starfsmanna á nemenda við skólalok




Viðauki V, sýn nemenda 8. bekkjar á nemenda við skólalok



Viðauki VI, sýn nemenda 9. bekkjar á nemenda við skólalok



Viðauki VII, sýn nemenda 10. bekkjar á nemenda við skólalok



Viðauki VIII, gæðagreinir um lykilhæfnipáttinn *tjáning og miðlun* við lok 10. bekkjar skv. Aðalnámskrá – sýnishorn

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 10. bekkjar

Tjáning og miðlun

Okkar mat:

Við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar sem:							
		1	2	3	4	5	6
A	Nemendur geta tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt						
B	Nemendur geta brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegnum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða						
C	Nemendur geta rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn						
D	Nemendur geta notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni						
E	Nemendur geta nýtt fjölbreyttar aðferðir til að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni						

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem þarf að bæta:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: